

GRÉTAR BRAGI BRAGASON

Æfði dans en spilar nú litbolta í tómsundum

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



SIGNÝ BJÖRG GUBLAUGSDÓTTIR

Sagði upp draumastarfi fyrir íslenskt sumar

Vann við Svo fögur bein og Tinna
FÓLK 26



HVÍTA BÓKIN eftir Einar Mát Guðmundsson

2. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR

www.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. ágúst 2009 – 188. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Fimmtíu nýjar raddir



Grínkóngur glímir við fjölda persóna og mikinn texta á nýrri plötu.

FÓLK 26

Stelpurnar okkar

Fyrsta kvikmynd Þóru Tómasdóttur í fullri lengd verður frumsýnd í Háskólabíói í vikunni.



TÍMAMÓT 16

Hinir ósnertanlegu

„Það er ljóst að almenningur er fullur óþolinmæði og vill skeleggar aðgerðir. Almennungur vill að útrásarvíkingarnir sæti ábyrgð“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 14


Ætlar að festa sig í sessi

Markvörðurinn Hannes Þór Halldórsson var í gær valinn í fyrsta sinn í landsliðshóp Íslands.



ÍÞRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



Hægvíðri í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt á landinu. Horfur eru á rigningu eða súld víða norðan- og austanlands en sunnan- og vestantil verður bjart með köflum og léttskýjað á stöku stað

VEÐUR 4

Líf ríkisstjórnarinnar í höndum Ögmundar

Ef Ögmundur Jónasson leggst gegn Icesave-málinu á Alþingi lýkur ríkisstjórnarsamstarfi Samfylkingarinnar og VG. Mikill titringur er innan VG vegna málsins. Samband Ögmundar og Steingríms er stirt. Samfylkingarmenn bíða og sjá.

STJÓRNMÁL Haldi Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra fast við andstöðu sína við Icesave-málið er ríkisstjórnarsamstarfi VG og Samfylkingarinnar úr sögunni.

Um það eru þingmenn í báðum flokkum sammála.

Sjálfur telur Ögmundur að ríkisstjórnin geti starfað áfram þótt Icesave-málið verði fellt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það mat hans að ríkisstjórnin geti í framhaldinu unnið betur úr málinu og haldið ótrauð áfram með önnur brýn verkefni.

Ögmundur telur að drög meirihluta fjárlaganefndar Alþingis að fyrirvörum við ríkisábyrgð á Icesave-samningunum gangi allt

of skammt. Hann hefur kynnt nefndinni eigin tillögur að fyrirvörum en mat stjórnarliða er að þeir felli samningana.

Ögmundur er ekki einn á báti í flokki sínum. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Lilja Mósesdóttir hafa báðar lýst sig andvígur Icesave-málinu. Stjórnarflokkarnir hafa fimm manna þingmeirihluta og mega við því að tveir þingmenn greiði atkvæði gegn málinu – fari svo að allir stjórnarandstæðingar greiði atkvæði á móti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikill titringur innan VG vegna ástandsins og er samband Ögmundar og Steingríms J. Sigfússonar formanns sagt stirt.

Reynt var að sætta sjónarmið þeirra á sérstökum fundi í síðustu viku en án árangurs.

Steingrímur hefur lagt allt í sölnurnar fyrir samþykkt Icesave og telur sig illa svikinn ef Ögmundur leggst gegn málinu. Afstaða Steingríms til málsins sjálfs er raunar sú að samþykkt þess sé lífsnauðsyn íslensku efnahagslífi.

Þingmenn Samfylkingarinnar telja sig lítið geta aðhafst í málinu og segja að VG-menn verði að leysa það sín á milli.

Fjárlaganefnd mun áfram fjalla um Icesave og er nú stefnt að því að hún afgreiði málið frá sér á morgun eða á fimmtudag.

- bps / kóp



THE APOISE Snekkjan er með þeim stærri sem komið hafa til Íslands, en öðru hverju koma snekkjur af þessari stærðargráðu í íslenskar hafnir.

Snekkjan The Apoise er 67 metrar og liggur við festar í Reykjavíkurböfn: Ein af stærstu einkasnekkjum heims

SAMGÖNGUR Snekkjan The Apoise, sem nú liggur við Reykjavíkurböfn, var í fyrra í 79. sæti á lista yfir stærstu snekkjur heims sem ekki eru í opinberri eigu.

Snekkjan, sem er 67 metrar að lengd og 13 metrar að breidd, er í eigu kanadísks kaupþýslumanns, Daves Ritchie að nafni, sem á meðal annars stórt uppboðsfyrirtæki sem heitir Ritchies. Til

samanburðar má nefna að fá skip í íslenska fiskiskipafloktanum eru lengri eða breiðari.

Snekkjan er á leið til Grænlands og þaðan til Kanada, að sögn hafnsögumanna, og pantaði sér pláss í höfninni fyrir um þremur vikum.

Hún var sem áður segir í 79. sæti í fyrra yfir stærstu snekkjur heims í einkaeigu á lista blaðsins

Power & Motoryacht. Nokkrar risasnekkjur í eigu ríkisstjórna í Mið-Austurlöndum komast ekki þar á blað, en margar þeirra voru áður í eigu Saddams Hussein.

Snekkjan var hönnuð af Norðmanninum Espen Oeino, sem er stórstirni í heimi hönnunar og hefur efnast gríðarlega á að hanna snekkjur sem þessa.

- sh

Ungbörn heyrnarmæld: Heyrnarskert börn greind við fæðingu

HEILBRIGÐISMÁL Öll barn sem fæðast á Akureyri verða heyrnarmæld frá og með næstu mánaðamótum. Þau bætast í hóp barna sem fæðast á Landspítalanum sem undanfarin tvö ár hafa verið heyrnarmæld nýfædd. Guðrún Gísladóttir framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeina- stöðvar Íslands



GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR

segir mælinguna gera að verkum að heyrnarskerðing kemur miklu fyrir í ljós en áður. „Áður en við byrjuðum að mæla var meðalgreiningaraldurinn þrjú og hálft ár. Þá höfðu börnin ekkert heyrt í þann tíma.“

Í fyrra voru 94 prósent barna sem fæddust á Landspítalanum heyrnarmæld en Guðrún vonar að það takist að mæla 95 prósent allra barna sem fæðast á Íslandi innan fárra ára.

- mmf / sjá allt

Orkuverð til garðyrkjubænda: Sligar fyrirtæki á stuttum tíma

LANDBÚNAÐARMÁL Raforkuverð til garðyrkjubænda á landsbyggðinni hefur hækkað um allt að 35 prósent vegna aðgerða stjórnvalda og verðskrárhækkana Landsvirkjunnar.

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka garðyrkjubænda, segir gjaldþrot blasa við bændum ef stjórnvöld gripa ekki í taumana, enda hafa rafmagnsreikningar hækkað um hundruð þúsunda króna.

Atli Gíslason, formaður landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar Alþingis, segir vandann snúast um orkusölu til álfyrirtækjanna, sem bitni á garðyrkjubændum og öllum almenningi í landinu.

- sh / sjá síðu 4

Hummus

Frábær idýfa með stökku grænmeti, einnig ljúffengt á brauð og kex.



Í einum grænum

Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði

Gunni er með 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og



lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphafleg afborganir gera ráð fyrir og við það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum. Nánari útreikningar og upplýsingar er að finna á www.byris



Elfrlæti

Lækkað verð!

SPURNING DAGSINS

Júlíus, sátu margir í súpinni um helgina?

„Bara þeir sem sátu heima, þeir supu seyðid af því.“

Ögrynni af fiskisúpu fór í maga svangra gesta á Fiskideginum mikla á Dalvík um helgina. Júlíus Júlíusson er framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

Stytting vegar við Hornafjörð: Samráðshópur um votlendi

SAMGÖNGUR Skipulagsstofnun telur allar fjórar tillögur um styttingu hringvegarins við Hornafjörð hafa verulega neikvæð áhrif á landslag, ásýnd, jarðmyndanir og gróður. Telur Skipulagsstofnun þó leið 1 vera skástu leiðina. Efnistaka úr námunni Friðsæld við Dýnjanda er minnst ef hún er valin.

Skipulagsstofnun leggur til þáð skilyrði við veitingu framkvæmdaleyfis að Vegagerðin myndi formlegan samráðshóp fagaðila um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar sem felst í að byggður verður nýr 11-18 km langur vegur sem stytting hringveginn um 11-12 km eftir því hvaða leið verður fyrir valinu.

- vsp



DALVÍK Gríðarlegur fjöldi sækir Dalvíkinga heim ár hvert.

Fiskidagurinn mikli á Dalvík: Nítján þúsund bílar þetta árið

SAMGÖNGUMÁL Tilfinning heimamanna á Dalvík fyrir því að mikil fjölgun hafi verið á Fiskideginum mikla þetta árið hefur verið studd rökum á vef Vegagerðarinnar.

Umferð um Hámundastaðaháls, milli þjóðveg 1 og Dalvíkur, var mun meiri alla dagana sem hátíðin stóð, en á sama tíma í fyrra eða samtals tæpum 25 prósentum. Rúmlega nítján þúsund bílar fóru um hálsinn yfir helgina en rúmlega fimmtán þúsund bílar árið 2008.

- shá

Opna á endurbættu rennibraut í Laugardalslaug í síðasta lagi næsta þriðjudag:

Kostar í kringum 17 milljónir

HREYFING Endurbætt rennibraut í Laugardalslauginni verður opnuð á næstunni og í síðasta lagi á þriðjudaginn eftir viku, á afmæli Reykjavíkurborgar, að sögn Loga Sigurfinnssonar, forstöðumanns Laugardalslaugar. Rennibrautin hefur verið lokuð í um ár. Upphaflega átti að gera við þá gömlu en ákveðið var að kaupa nýja braut. Verkið kostar í kringum 17 milljónir, að sögn Loga.

„Við notum lendinguna og turninn úr gömlu brautinni en létum bæta aðeins við undirstöðurnar til þess að ná þessu,“ segir Logi. Nýja brautin er um 80 metrar, svipuð þeirri eldri.

„Hún er lokuð alla leið og er að hluta til svarthol og að hluta til hálfgegnis. Á einum hlutanum eru stjórnuljós,“ segir Logi. Engin tónlist eða hávaði er í brautinni.

- vsp



RENNIBRAUTIN Hún verður lokuð alla leið, að hluta til svarthol og að hluta til gegnsæ. Opna á brautina á næstunni en gamla brautin hefur verið lokuð í um ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stefnir í metfjölda fæðinga á þessu ári

Fleiri börn hafa fæðst á Landspítalanum það sem af er ári en á sama tíma í fyrra, sem þó var metár. Venjan er að fæðingatiðni lækki þegar efnahagsástand er slæmt. Það mun líklega gerast á næsta ári að sögn fólksfjöldafræðings.

FÓLKSFJÖLGUN Samtals 2.101 barn hafði fæðst á fæðingardeildum Landspítalans í gær. Það er 72 börnum fleiri en fæðst höfðu á sama tíma í fyrra. Að sögn Guðrúnar G. Eggertsdóttur, yfirljósmóður á Landspítalanum, stefnir því í metár í fæðingum, þar sem áætlaðar fæðingar í september og október eru mjög margar.

Í fyrra var met í fæðingum jafnað á fæðingardeildum Landspítalans, þegar 3.376 börn fæddust þar, en alls fæddust 4.846 börn á landinu öllu samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Þann 10. ágúst í fyrra höfðu 2.029 börn fæðst á Landspítalanum, en í ár eru þau 2.101. Auk þess er búist við miklum fjölda fæðinga á næstu mánuðum og eru áætlaðar fæðingar í ágúst til dæmis 287 og í september 297. Að sögn Guðrúnar fæðast svo yfirleitt á bilinu tíu til tuttugu börn til viðbótar. Því stefnir allt í að metið verði slegið í ár.

Erfitt efnahagsástand virðist því ekki hafa neikvæð áhrif á fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu, í það minnsta ekki enn þá. Guðrún segir hent gaman að því á fæðingardeildum að nú hljóti fyrstu kreppubörninn að vera að líta dagsins ljós.

Venjan er sú að þegar efnahagsástand er slæmt dregst fæðingartíðni saman, að sögn Ólafar Gardarsdóttur, dósents við Háskóla Íslands og doktors í fólksfjöldafræði. „Sem dæmi má nefna heimskreppuna á fjórða áratugnum. Þá lækkaði fæðingartíðni alls staðar í heiminum, og líka á Íslandi.“ Hún segir söguna á Norðurlöndunum sýna slíkt hið sama. „Í nágrannalöndunum, þar sem fæðingarorlofsgreiðslur eru

KVENNAEILD LANDSPÍTALANS Allt stefnir í að metfjöldi barna fæðist á fæðingardeild og í Hreiðrinu á þessu ári.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tengdar við laun eins og hér á landi, þá sér maður það samband að þegar það er efnahagslægt lækkar fæðingartíðni, og þegar efnahagsástand er gott þá hækkar hún.“ Þetta hafi líka verið tilfellið á Íslandi, þar sem betri fæðingarorlofslöggjöf og góðæri hafi valdið því að fæðingartíðni hafi hægt og bitandi hækkað undanfarið ár.

Ólöf segir fæðingartíðni þessa árs segja lítið til um efnahagsástandið. „Fólk sem er komið af stað í barneignarhugleiðingum hættir því ekki endilega. Það er því ekki alveg að marka þetta ár, það væri frekar að næsta ár myndi gefa betri vísbendingar. Mér finnst líklegt að tíðnin fari niður á við þegar efnahagskreppan fer að segja meira til sín, á næsta ári.“

thorunn@frettabladid.is

FÆÐINGAR Á LANDSPÍTALA Fæðingardeild og Hreiður

2006	3.074
2007	3.129
2008	3.376
2009*	2.101

*Fæðingar frá áramótum og til 10. ágúst 2009.

FÆÐINGAR 2008 OG 2009

Til 10. ágúst 2008	
Fæðingardeild	1.576
Hreiður	453
Alls	2.029

Til 10. ágúst 2009

Fæðingardeild	1.585
Hreiður	516
Alls	2.101

Meirihluti viðskiptanefndar:

Full þörf fyrir bankasýsluna

ALÞINGI Þrátt fyrir að horfur séu á að erlendir kröfuhafar eignist bróðurpart í Íslandsbanka og Kaupþingi telur meiri hluti viðskiptanefndar Alþingis fulla þörf á stofnun Bankasýslu ríkisins. Stofnuninni er ætlað að fara með eignarhlut ríkisins í fjármála-fyrirtækjum.

Í áliti meirihluta nefndarinnar segir að eftir sem áður muni ríkið eiga Landsbankann og eignarhlut í allmörgum sparisjóðum auk hluta í Íslandsbanka og Kaupþingi. Samanlagt kunnir ríkið því að fara með 60-70 prósent hlutdeild á fjármálamarkaði. Því verði áfram full þörf fyrir bankasýsluna.

- bps



Í HÖFN Ingunn AK í höfn en skipstjórnin segir mikið líf á miðunum fyrir norðan og austan.

Uppsjávarveiðar ganga vel:

Mikið af stórrí síld og makríl

SJÁVARÚTVEGSMÁL Uppsjávarveiðar ganga vel fyrir norðaustan land og nóg virðist vera af stórrí síld og makríl á stóru svæði. Á vef HB Granda segir Guðlaugur Jónsson, skipstjóri á Ingunni AK, að stór síld sé á svæðinu, en hún sé stýgg og ekki auðveidd.

Ingunn er á veiðum langt norður af Melrakkaslétta en við veiðar sunnar var of mikill makrill til að hægt væri að einbeita sér að síldveiðum.

Komandi verkefni skipa HB Granda eru síldveiðar í norsku lög-sögunni en þar ræður félagið yfir um 6.200 tonna síldarkvóta.

- shá

HVÍTA-RÚSSLAND

Lenínstytta kramdi mann

21 árs gamall maður lét lífið þegar fimm metra há stytta af Vladimir Lenín brotnaði og féll ofan á hann í Hvíta-Rússlandi um helgina. Að sögn yfirvalda var maðurinn drukkin og hafði klífrað upp á styttuna og hangið á handlegg Sovétleiðtogans fyrrverandi.

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Aflaverðmæti 99 milljarðar

Árið 2008 var afli íslenskra skipa rúm 1.283 þúsund tonn, 113 þúsund tonn minni en árið 2007. Aflaverðmæti nam rúmum 99 milljörðum króna. Stærsti hluti afla íslenskra fiskiskipa var unninn á Austurlandi. Stærsti hluti botnfisksafllans var unninn á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar tryggir hæfilegt magn af a- og b-gerlum í meltingarveginum og stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.



HÍTA HUSTÓ/SIA

Íslandsbanki spáir að peningastefnunefndin ákvarði óbreytta stýrivexti:

Gengi krónunnar enn of lágt

EFNAHAGSMÁL Þar sem gengi íslensku krónunnar hefur lækkað um ríflega eitt prósent frá vaxtaákvörðun í byrjun júlí telur Greining Íslandsbanka að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum í tólf prósentum.

Vaxtaákvörðunardagur bankans er á fimmtudag.

Í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka í gær er bent á að í fundargerð peningastefnunefndarinnar frá síðustu vaxtaákvörðun komi skýrt fram að styrking krónunnar sé forsenda vaxtalækkunar. Frestun á lánnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hinum Norðurlöndunum, ráðleggingar AGS um að vextir verði ekki lækkaðir og vilji Peningastefnunefndarinnar til að halda vöxtum háum við afnám gjaldeyrishaftanna hafi líka sitt að segja um ákvörðun nefndarinnar.

Greining Íslandsbanka spáir raunar að stýrivextirnir verði óbreyttir fram á annan ársfjórðung næsta árs en taki þá að lækka. Spáir bankinn því að vextirnir verði komnir í 7,5 prósent í lok næsta árs og sex prósent um mitt ár 2011.

Vaxtaákvörðunin á fimmtudag er væntanlega



VAXTAÁKVÖRDUN Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Svein Harald Öygard seðlabankastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sú síðasta sem seðlabankastjórinn Svein Harald Öygard á þátt í að taka en hann lætur af embætti í næstu viku þegar skipun Más Guðmundssonar tekur gildi.

- bps

SKOOLA BOKAR DÆMI



Skólatöskur
verð frá **1.995 kr.**



Landsins mesta
úrval af yddurum



Pennaveski
í miklu úrvali



Blýantar
verð frá **25 kr.**



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	126,1 126,7
Sterlingspund	209,85 210,87
Evra	179,01 180,01
Dönsk króna	24,042 24,182
Norsk króna	20,583 20,705
Sænsk króna	17,566 17,668
Japanskt jen	1,2964 1,304

SDR	195,82	196,98
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

232,8744

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir fellibyljir ganga nú yfir Asíu og valda stórtjóni:

Hundraða saknað

TAÍVAN, AP Allt að sex hundruð manns grófust undir aurskríðu á Taívan í gær. Fellibylurinn Morakot reið yfir landið um helgina og féllu rúmlega 2.500 millimetrar af rigningu yfir helgina. Tólf dauðsföll hafa verið staðfest þar, en óttast er að sú tala muni hækka talsvert.

Um hundrað manns sluppu úr skriðunni, sem fór yfir stóran hluta bæjarins Shiao Lin í suðurhluta Taívans. Íbúar bæjarins eru innilokaðir þar eftir að flóð eyðilagði stóra brú við bæinn. Herþyrlur hafa bjargað fólki burt og komið vistum til þeirra sem eru þar fastir.

Að minnsta kosti sex manns eru látnir í Kína vegna fellibylsins og 22 á Filippseyjum. Auk þess neyddist tæp milljón manna til að yfirgefa heimili sín í Kína. Vindhraði fellibylsins hefur nú farið úr 119 kílómetrum á klukkustund niður í 83 kílómetra. Búist er við því að enn meira dragi úr honum í dag.

Annar fellibylur kom á land á vesturströnd Japans í gær. Tólf manns hafa látið lífið þar vegna flóða og aurskríðna, og tíu til viðbótar er saknað. 50 þúsund manns hefur einnig verið gert að yfirgefa heimili sín. Búist er við því að fellibylurinn, sem nefnist Etaiu, fari yfir miðhluta Japans í dag. - þeb



TAÍVAN Hermenn björguðu fólki sem var innilokað í bæjum í suðurhluta Taívans í gær. Herþyrlur voru notaðar til að ná til fólksins, auk þess sem þær komu vistum til þeirra sem enn eru fastir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varnarmálastofnun:

Tveir Birnir í íslensku loftrými

UTANRÍKISMÁL Tvær rússneskar sprengjuflugvélar, af gerðinni TU-95, svokallaðir Birnir, flugu inn í íslenska loftrýmiseftirlitssvæðið á miðvikudag. Varnarmálastofnun Íslands ber ábyrgð á svæðinu í samstarfi við Atlantshafsbandalagið.

Birnirnir komu inn á loftrýmiseftirlitssvæðið norðaustur af landinu, að því er segir á vef Varnarmálastofnunar. Þeir flugu í suður, milli Íslands og Færeyja, og komu næst landi í um 50 sjómílur frá Austurlandi. Vélarnar flugu út úr sjónsviði ratsjárkerfanna hér á landi, um það bil 250 sjómílur suðaustur af landinu.

Varnarmálastofnun fylgdist áfram með vélunum í kerfum Atlantshafsbandalagsins. - kh

Góð veiði úr deilistofnum:

Júlímánuður sérlega gjöfull

SJÁVARÚTVEGSMÁL Aldrei hefur verið landað jafnmikið af norsk-íslenskrí síld í júlí eins og í ár eða tæpum 63 þúsund tonnnum. Íslensku skipin á veiðum á deilistofnum héldu sig eingöngu innan íslensku lögsögunnar í nýliðnum júlímánuði, sem hefur aldrei gerst áður.

Landað var tæplega 59 þúsund tonnnum af makríl í júlí, sem er nokkru minna en á sama tíma í fyrra, en afturköllun leyfa til beinna veiða á makríl snemma í mánuðinum hefur þar áhrif.

Líflegra er yfir úthafskarfaveiðunum í ár en í fyrra. Í júlí var landað rúmlega 7.000 tonnnum samanborið við engan afla á sama tíma í fyrra og er úthafskarfakvótinn nánast fullnýttur. - shá

Raforkuverð sligar bændur að óbreyttu

Hækkun raforkuverðs til garðyrkjufyrirtækja er allt að 35 prósent á fáum mánuðum. Formaður landbúnaðarnefndar segir orkusamninga við álfyrirtæki bitna á samfélaginu. Dæmi um 600 þúsund króna hækkun á einum mánuði.

LANDBÚNAÐARMÁL Fjöldi garðyrkjubænda horfir fram á alvarlega rekstrarerfiðleika vegna hækkunar á raforkuverði. Gjaldþrot vofir yfir stórum fyrirtækjum ef ákvörðun stjórnvalda um skerðingu á niðurgreiðslum verður látin standa óbreytt. Skerðingin skilar ríkissjóði litlum ávinningi en veldur gríðarlegu tjóni, segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.

Bjarni segir að raforkukostnaður fjölda garðyrkjubænda hafi hækkað um 25 prósent með ákvörðun stjórnvalda í ársbyrjun um að skerða niðurgreiðslur á dreifingarkostnaði rafmagns. „Ég vona, framleiðslunnar vegna, að það verði tekið á þessu máli og þessari ákvörðun snúið við.“ Bjarni minnir á að nýleg hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar þýði að raforkuverð bænda í dreifbýli hafi hækkað um allt að 35 prósent. „Mesta hækkun sem ég hef séð hjá einum bónda er 600 þúsund krónur á mánuði. Þetta er rekstur sem hefur skilað lítills háttar hagnaði og það þarf ekki marga mánuði með svona aukareikningum til að knésetja fyrirtæki. Gleymum því heldur ekki að á undanförmum átján mánuðum hafa öll aðföng hækkað gríðarlega.“

Atli Gíslason, formaður landbúnaðar- og sjávarútvegsefndar Alþingis, telur að unnið sé að lausn málsins innan landbúnaðarráðuneytisins, án þess að hún sé í sjónmáli. „Þetta virðist mjög þungt í vöfum. Við erum að selja



Í **GRÓÐURHÚSINU** Mörg glæsileg garðyrkjufyrirtæki starfa hér á landi en sum þeirra eiga erfitt með að axla gríðarlegar hækkningar á orkuverði. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

orku til álbræðslna undir kostnaðarverði, liggur mér við að segja, og það bitnar á garðyrkjubændum og öllum almenningi í landinu. Við erum að borga niður verðið til álfyrirtækjanna og þar liggur stóri vandinn í orkumálum.“

Samband garðyrkjubænda skrifaði undir samkomulag við stjórnvöld í júlí um breytingar á gildandi samningi um starfs-skilyrði garðyrkjubænda. Þar kveður á um að starfshópur muni skoda hækkun raforkuverðs. Bjarni hvetur til þess að starf

hópsins hefjist sem fyrst svo taka megi á þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er hjá fjölda bænda.

Fjöldi fyrirtækja verður harkalega fyrir barðinu á hækkun orkuverðs og þeirra á meðal eru stærstu fyrirtækin í geiranum. Margir geta ekki mætt svona áföllum. Gleymum heldur ekki hvað þetta þýðir fyrir sveitarfélög, til dæmis á Suðurlandi, ef ekkert verður gert. Þar eru þessi fyrirtæki burðarásinn og skila stórum hluta skatttekna þeirra,“ segir Bjarni.

svavar@frettabladid.is



LEIÐTOGARNIR Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, Felipe Calderon, forseti Mexíkó, og Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, komu saman í Guadalajara í Mexíkó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetar Norður-Ameríku:

Hittust í Mexíkó

MEXÍKÓ, AP Tveggja daga fundi leiðtoga Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó í borginni Guadalajara í Mexíkó lauk í gær.

Á fundi sínum ræddu þeir Barack Obama Bandaríkjaforseti, Felipe Calderon Mexíkóforseti og Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, aðallega um samstillt viðbrögð við svinaflensu og milliríkjaverslun. Stór mál á borð við málefni mexíkóskra innflytjenda í Bandaríkjunum og áherslu bandarískra stjórnvalda á innlenda framleiðslu sátu hins vegar á hakanum í þetta sinn. - bs

Réttarhöld í Þýskalandi:

Hryðjuverkamenn játa sök

ÞÝSKALAND, AP Réttarhöld standa nú yfir fjórum meintum meðlimum í þýskri hryðjuverkasellu fyrir að ætla að ráðast á bandarísk skotmörk í Þýskalandi. Leiðtogi sellunnar viðurkenni fyrir rétti í gær að markmiðið hafi verið að valda Bandaríkjamönnum í Þýskalandi sem mestu skaða.

Upphaflega stóð til að þeir myndu vinna hermdarverk sín í Pakistan en þeir töldu sig þó geta unnið meiri skaða á bandarískum skotmörkum í Evrópu.

Formlegar játingar liggja ekki fyrir en að sögn lögmanna fjórmenninganna ætla þeir að játa á sig sök í von um mildari dóm. - bs

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

RÓLEGHEIT Þessa vikuna eru horfur á mildu og tíðindalítlu veðri. Vindur verður frekar hægur alla vikuna. Norðan- og austanlands verður heldur vætusamt en sunnan- og vestantil verður að mestu úrkomulítið og yfirleitt nokkuð bjart.

Á MORGUN
Hæg breytileg átt um allt land.

FIMMTUDAGUR
Áfram hægviðri um allt land.

HEIMURINN

Alicante	28°
Bassel	33°
Berlín	24°
Billund	21°
Eindhoven	21°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	24°
London	23°
Mallorca	31°
New York	32°
Orlando	34°
Ósló	21°
París	23°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÚTSALA REKKAUNINGAR



**25-70%
AFSLÁTTUR!**



SVENSÓFAR
**25-30%
AFSLÁTTUR!**

KING KOIL
Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)
FRÁ kr. 99.850



HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR!**



SÆNGURFATNAÐUR
30% AFSLÁTTUR!



rekkjan



Styður þú nýlegar aðgerðir Saving Iceland?

JÁ 16%
NEI 84%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú í berjamó í haust?

Segðu þína skoðun á visir.is.



Landhelgisgæslan vísar tveimur skipum til hafnar vegna meintra brota: Staðin að ólöglegum veiðum

SJÁVARÚTVEGSMÁL Landhelgisgæslan (LHG) hafði afskipti af tveimur skipum vegna meintra brota á löggjöf um veiðar innan landhelginnar á síðasta sólarhring. Varðskip stóð togarann Sólþak EA að meintum ólöglegum togveiðum á Vestfjarðamíðum og færði skipið til hafnar á Akureyri. Handfærabátur var þá staðinn að meintum ólöglegum handfæraveiðum innan bannsvæðis suður af Látrabjargi.

Við skoðun eftirlitsmanns LHG kom í ljós að Sólþakur var ekki búinn smáfiskaskilju eða hafði þá lágmarksmöskvastæð sem áskilin er á því svæði þar

sem hann var við veiðar. Tók lögreglan á móti skipinu þegar það lagði að bryggju á Akureyri.

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-Líf kom að handfærabátinum og sást greinilega að báturinn hafði veiðarfæri sín í sjó. Skipstjóra bátsins var tilkynnt að bátinum yrði vísað til hafnar þar sem mál hans yrði tekið fyrir. Sigldi báturinn til hafnar í Ólafsvík.

Málin eru í höndum lögreglunnar og voru skipstjórar skipanna teknir til skýrslutöku í gær hjá embætti sýslumannsins á Akureyri og sýslumannsins á Snæfellsnesi.



EFTIRLIT Varðskip Landhelgisgæslunnar stóð togarann Sólþak EA að meintum ólöglegum togveiðum.

Áhyggjur valda hækku: Metverð á sykri

VIÐSKIPTI Heimsmarkaðsverð á hrásykri hækkaði um þrjú prósent í dag og endaði í 22 sentum pundið, eða um 61 krónu kílóð. Sykurverð hefur ekki verið hærra síðan 1981.

Þessi mikla hækku á rætur sínar að rekja til vaxandi áhyggna af framboðsbresti, að því er fram kemur á fréttavef breska ríkisútvarpsins.

Haft er eftir sérfræðingum í sykurbransanum að þessar áhyggjur séu einkum til komnar vegna aukinnar eftirspurnar eftir sykri til eldsneytisframléiðslu í Brasilíu. Þá hafi einnig orðið heilmikill brestur á sykuruppsskeru á Indlandi, sem búið er við að muni versna.

KAUPTHING FUND
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002

NOTICE TO THE SHAREHOLDERS

As the Annual General Meeting dated 16 April 2009 could not validly deliberate and decide on the items of the agenda, the Board of Directors convenes the Shareholders of KAUPTHING FUND, Sicav to attend the second General Meeting to be held at the registered office of the company on **31 August 2009 at 10.00 a.m.**, with the following agenda :

1. Report of the Board of Directors and of the Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2008
3. Allocation of results
4. Discharge to the Directors
5. Renewal of the mandate of the Auditor
6. Statutory elections.

The Shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by a simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sicav.

For the Board of Directors

Óttast að þurfa að skilja börnin eftir

Íslensk kona þarf að afhenda bandarískum fyrrverandi eiginmanni sínum syni þeirra tvo samkvæmt dómsúrskurði. Hann hyggst höfða forræðismál í Bandaríkjunum. Drengirnir hafa ekki hitt föður sinn lengi og sá yngri man ekki eftir honum.

DÓMSMÁL Íslensk kona, Borghildur Guðmundsdóttir, þarf samkvæmt dómsúrskurði að fara til Bandaríkjanna með syni sína tvo fyrir sunnudag. Synina á hún með bandarískum hermanni sem ætlar að höfða forræðismál í Bandaríkjunum.

Samkvæmt dómsúrskurði Hæstaréttar þarf Borghildur að afhenda fyrrverandi eiginmanni sínum synina, sem eru fimm og tíu ára. Þar sem hún hefur hvorki atvinnu- né dvalarleyfi í Bandaríkjunum má hún ekki dveljast þar lengur en þrjú mánuði. Mála-rekstur forræðismálsins fyrir bandarískum dómstólum mun þó að öllum líkindum taka mun lengri tíma. Í raun sé því verið að neyða hana til að skilja drengina eftir hjá föður sínum, sem þeir hafa ekki séð í rúmlega eitt og hálf ár. „Þeir sáu hann síðast um jólin 2007. Síðan þá hefur hann kannski hringt tíu sinnum. Hann hefur ekki sent þeim afmælisgjafir eða jólagjafir. Hann hefur ekki hagsmuni barnanna í huga, þetta eru eingöngu aðgerðir gegn mér, en þær bitna á börnunum,“ segir Borghildur.

„Yngri sonurinn man ekkert eftir pabba sínum, og þú getur rétt ímyndað þér sjokkið sem hann fær við að vera skilinn eftir hjá bláókunnugum manni og missa mömmu sína.“ Borghildur er í nýrri sambúð. „Báðir synir mínir kalla hann pabba. Þeir eru því að missa mömmu sína, pabba sinn, heimilið, skólann, umhverfi og vini. Ég á að afhenda mannum börnin og hann veit ekki einu



BORGHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR OG SYNIR Borghildur segist ekki hafa efni á því að reka forræðismál í Bandaríkjunum.

Yngri sonurinn man ekkert eftir pabba sínum, og þú getur rétt ímyndað þér sjokkið sem hann fær við að vera skilinn eftir hjá bláókunnugum manni og missa mömmu sína

BORGHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

sinni hver svefntíminn þeirra er eða hvort þau eru með ofnæmi.“

Borghildur segist ekki hafa haft efni á flugmiðum til Bandaríkjanna, hvað þá að halda sér uppi og reka málið fyrir dómstólum þar. „Þetta kostar fleiri milljónir þegar á heildina er litið.“ Hún er ósátt við lögfræðinginn sem

rak málið fyrir hennar hönd og segir hann ekki hafa sinnt málinu nægilega vel. „Það eru undanþágutríði sem hægt var að nota, en lögfræðingurinn minn gerði það ekki. Til dæmis máttu bara líða tólf mánuðir frá því við komum til landsins þangað til málið væri komið fyrir héraðsdóm, en það liðu þrettán mánuðir. Hann hefði getað farið fram á að málinu yrði vísað frá, en hann gerði það ekki.“

Stofnuð hefur verið stuðningssíða á Facebook fyrir Borghildi undir nafninu „Hjálpum Boggu að halda börnum sínum.“ Þar er gefið upp reikningsnúmer fyrir þá sem vilja styrkja hana.

thorunn@frettabladid.is

Tveir menn skotnir til bana í grennd við Gautaborg í gær:

Tengist skipulögðum glæpum

SVÍPJÓÐ Tveir menn voru skotnir til bana í bænum Stora Höga nærri Gautaborg um hádegisbil í gær. Nágrannar heyrðu skothljóð úr íbúð og stuttu síðar fundust lík manna tveggja. Rúmum fjórum klukkustundum síðar hafði lögregla handtekið tvo menn sem taldir eru tengjast málinu. Talið er að þriðji maður hafi einnig tengst málinu.

Mennirnir sem voru handteknir voru í bíl sem sást yfirgefa morðvettvanginn. Þeir lögðu á flötta og veitti lögregla þeim eftirför lengi. Meðal annars var reynt að skjóta á hjólbarða þeirra, en án árangurs. Þeir fundust þó á endanum, en vitni höfðu greint frá því að þeir menn hefðu verið í bílnum.

Fjölmiðlar í Svíþjóð hafa greint frá því að morðin tengist skipulagðri glæpastarfsemi, og hafi verið um uppgjör vegna fíkniefnamála að ræða. Lögreglan í Gautaborg hefur neitað að tjá sig um það. Dagblaðið Gautaborgarpósturinn greindi frá því að bíllinn sem morðingjarnir notuðu til að flýja vettvanginn sé iðulega notaður af manni sem tengist samtökunum Red & White, sem styðji við bakið á Hells Angels.



HELLS ANGELS Fjölmiðlar í Svíþjóð hafa greint frá því að morðin tengist skipulagðri glæpastarfsemi og samtökum sem tengjast mótórhjólasmötökunum Hells Angels.

20-50% AFSLÁTTUR AF VEIÐIVÖRUM Í ALLT SUMAR

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

Auglýsingasími
512 50 50

— Mest lesið

```
local $max = shift @_;
local $section = shift @_;
local $links=0;
local $link="";
local $title="";
local $num_found=0;

local $link_regex = $config[$section]"LINK";
local $strip_tags = $config[$section]"STRIP";
local $block_link = $config[$section]"BLOCK";
local $block_this=0;

&dblog("REGEX [$link_regex] MAX [$max]");
while($page=~/ $link_regex/ig && $num_found<$max)
{
    $link=$1;
    $title=$2;
```

CNNMoney.com
A Service of CNN, Finance & Money

NÁM SEM EYKUR STARFSMÖGULEIKA HÉRLENDIS OG ERLENDIS

Diplomanám í forritun

282 stundir - Verð: 469.000.-

Forritun hefur verið kennd hjá NTV frá stofnun skólans 1997 og hafa um 250 nemendur útskrifast frá skólanum. Í náminu er leitast við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með verklegum æfingum.

Að námi loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð.

Námið byggir að miklu leiti á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir um að taka eftirfarandi alþjóðleg próf: 070-316, 070-502 og 070-561.

Prófin eru öll innifalin í verði námskeiðsins. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og mikið er um verklegar æfingar.

Inntökuskilyrði: Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa skilning á Windows umhverfinu og góð enskukunnátta er nauðsynleg þar sem allt kennsluefni er á ensku.

Leitið til NTV varðandi frekari námsráðgjöf í síma 544 4500.

OPIN KERFI

Microsoft
CERTIFIED
Partner
Learning Solution



Helstu námsgreinar:

- Kynning á forritun (36 stundir)
- Viðmótshönnun (12 stundir)
- Gagnagrunnsfræði (36 stundir)
- Forritun með C# (66 stundir)
- Gluggaforritun (60 stundir)
- Gagnagrunnsforritun (36 stundir)
- Lokaverkefni (36 stundir)

Kvöldnámskeið:

Hefst: 31. ágúst - Lýkur: 17. desember
Mánud. og miðvikud. 18:00 til 22:00 og laugard. 8:30 til 12:30

Eftirmiðdagsnámskeið:

Hefst: 31. ágúst - Lýkur: 16. desember
13:00 til 17:00 mánud. miðvikud. og fimmtud.

Atvinnulausir fá 25% afslátt frá auglýstu staðgreisluverði



Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**

ntv

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir knapinn sem rekinn var úr hestalandslíðinu á dögunum?
2. Hvað heitir erlenda konan í peningastefnunefnd?
3. Hversu mörg skipulögð atriði voru á Gay Pride?

SIÁ SVÖR Á BLS. 26

Prettán úr CrossFit Iceland hlaupa 100 kílómetra til styrktar Mæðrastyrksnefnd: Telja sig vera í nægilega góðu formi

HREYFING Prettán félagar úr CrossFit Iceland munu hlaupa 100 kílómetra á fimmtudaginn til styrktar Mæðrastyrksnefnd. Leggja þeir af stað frá Skipaskaga klukkan fimm um morguninn, hlaupa meðfram Akrafjalli, hringinn í Hvalfirði og enda í Reykjavík. Ekki er um boðhlaup að ræða heldur hlaupa þau samtals 1.300 kílómetra. En eruð þið í formi til þess að hlaupa 100 kílómetra? „Já, við teljum okkur vera það. Það er auðvitað ekki hægt að vita fyrir en við erum búin að hlaupa,“ segir Ari Bragi Kárasón, einn ofurhuganna, kátur. Þeir hafa þegar safnað áheimum frá Herbalife, World Class og EAS, að sögn Ara, en treysta annars á frjáls framlög.

Endastöð hlaupsins verður World Class í Laugum Laugardal og er stefnt að því að hlaupinu ljúki um klukkan 19.30. Áhugasamir geta komið og tekið þátt í að hlaupa síðustu 15 kílómetrana frá Korputorgi klukkan 17 og styðja við bakið á ofurhugunum. Farið



CROSSFIT-KAPPAR Félagarnir Geir, Ari og Evert eru þrír af þeim prettán sem ætla að hlaupa 100 kílómetra á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

verður inn í Laugardalinn þar sem móttökulið bíður þeirra og slegið verður upp grillveislu.

Þeir sem styrkja vilja ofurhugana í ferð þeirra er bent á að hægt er að leggja inn á reikning Mæðrastyrksnefndar. Reikningsnúmerið er 0101-26-35021 og kennitalan er 470269-1119.

- vsp

Express flýgur til Birmingham: Eitt flug í viku til Birmingham

SAMGÖNGUR Iceland Express ætla að hefja áætlanarflug til Birmingham á Englandi næsta sumar. Verður áfangastaðurinn sá átjándi hjá Iceland Express.

En af hverju Birmingham? „Við höfum verið að skoða það svæði og þetta er mjög stórt markaðssvæði,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express. Segir hann Ísland þekktan áfangastað í Bretlandi og þar fari um 25 flug á viku. Birmingham er næststærsta borg Bretlands og er fyrir norðan London. Um tvær og hálf milljón manna býr í henni og næsta nágrenni. Fyrst um sinn er gert ráð fyrir vikulegu flugi.

- vsp



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

FRUMKVÖÐLA OG REKSTRARNÁM

Hagnýtt og hnitmiðað nám, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur og þá sem vilja stofna til eigin reksturs með því að finna hugmyndum sínum eða hugmyndum annara frjóan farveg.

Helstu námsgreinar:

- » Frumkvöðlar og framtíðarsýn (6)
- » Stofnun fyrirtækja (6)
- » Hagnýt markaðsfræði (42)
- » Excel við áætlanagerð (24)
- » Fjármálastjórnun og framlegð (30)
- » Hagnýtur bókhaldsskilningur (12)
- » Gerð viðskiptaáætlunar (48)

Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlanna, hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda, hvenær borgar sig að fara af stað og hvenær borgar sig að sitja heima.

Atvinnulausir fá 25% afslátt frá auglýstu staðgreisluverði

168 stundir - Verð: 198.000.-

Kvöldnámskeið 15. sept. - 17. des.
Síðdegisnámskeið 14. sept. - 16. des.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Óttast að Ísland einangrist á nýjan leik

Það mun skýrast á næstu sólarhringum hvort samstaða næst um fyrirvara vegna Icesave segir formaður fjárlaganefndar. Óvissa gæti valdið því að lokað verði á landið. Hreinlegast að semja upp á nýtt segir þingmaður Framsóknar.

ALÞINGI Formaður fjárlaganefndar Alþingis segir að reynt verði til þrautar í dag og á morgun að ná samkomulagi um fyrirvara við samþykki Alþingis á ríkisábyrgð vegna Icesave-samningsins. Hann segist óttast að Ísland einangrist verði málinu ekki lokið fljótlega.

„Við erum sum mjög hrædd um það að við séum að lenda hér í sömu stöðu og í fyrra, að menn loki á okkur meðan óvissan er,“ segir Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar. Hann segir að endurnýja þurfi lán og lánalínur á næstu vikum og mánuðum, og óvíst sé að það gangi nema óvissu um Icesave verði eytt.

Það verður að skýrast á næstu tveimur sólarhringum hvort samkomulag næst um að fara þá leið að setja fyrirvara við ríkisábyrgðina, segir Guðbjartur. Stjórnarandstaðan verði að ákveða hvort hún hyggt styðja þá leið eða ekki.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í fjárlaganefnd talað fyrir því að skípuð verði ný samninganefnd og samningaviðræður við Hollendinga og Breta teknar upp á nýju.

„Þá er bara verið að hafna samningnum, ég styð það ekki,“ segir Guðbjartur. Hann segir engan sem tali fyrir því að semja upp á nýtt hafa útskýrt hvað það er sem eigi að ná fram með því sem ekki megi ná fram með fyrirvörum.

Hann segir að þrátt fyrir þetta verði reynt til þrautar að ná sátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ósamstaða um fyrirvara myndi veikja stöðuna gagnvart Bretlandi og Hollandi.



FYRIRVARAR Svein Harald Öygard seðlabankastjóri (fyrir miðju) og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri (til vinstri) komu á fund fjárlaganefndar í gær. Seðlabankinn mun veita sérfræðiaðstoð til að meta efnahagslega fyrirvara sem þingmenn hafa rátt undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við höfum ekki lokað á þann möguleika að gera einhverja fyrirvara,“ segir Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd.

„Við höfum hins vegar talið eðlilegra að áður en við göngum lengra með málið þá taki ríkisstjórn Íslands upp viðræður við Breta og Hollendinga um mögulegar leiðir,“ segir Kristján.

Sífelld fleiri hafa efasemdir um þá leið að setja fyrirvara við ríkisábyrgðina, segir Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Framsóknarflokks í fjárlaganefnd.

„Kannski væri hreinlegast að stíga fram og segja við Breta og Hollendinga að það þurfi að semja

upp á nýtt, og þá með nýrri samninganefnd,“ segir Höskuldur. Hann segir þá hugmynd hafa verið rædda á fundi fjárlaganefndar í gær. Líklega verði fyrirvaraleiðin þó reynd til þrautar.

Með því að setja fyrirvara við ríkisábyrgð væri Alþingi ekki að ónýta Icesave-samninginn, segir Árni Þór Sigurðsson, fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd. Það sé hagur beggja aðila að Ísland geti staðið við sínar skuldbindingar, og að því snúi fyrirvararnir meðal annars. Árni hafnar því að samið verði að nýju, og segir mikilvægt að ná samstöðu um fyrirvara við ríkisábyrgðina.

brjann@frettabladid.is

Fjármálaráðuneytið hefur enn ekki veitt sparisjóðum eiginfjárframlag úr ríkisjóði:

Aðgerða sparisjóðanna beðið

VIÐSKIPTI Sex sparisjóðir sem sóttu um eiginfjárframlag á grundvelli neyðarlaganna í vor hafa enn ekki fengið slíkt framlag. Fjármálaráðuneytið bíður enn eftir aðgerðum sumra þeirra áður en unnt er að afgreiða beiðnirnar.

Óskað var eftir umsögnum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um umsóknirnar, og hefur þeim verið skilað.

„Staða sparisjóðanna er mjög misjöfn og þeir eru að fara yfir sín mál og ýmis skref sem þarf að stíga samfara fjárframlaginu,“ segir Hjördís Dröfn Vilhjálmssdóttir í fjármálaráðuneytinu. Skilyrði hafi verið sett fyrir framlaginu, án þess að hún vilji greina nánar frá í hverju þau felist, og sumir sparisjóðanna vinni enn að því að uppfylla þau. Aðrir hafi lokið sinni endurskipulagningu og bíði þess að fjármálaráðuneytið taki ákvörðun.

Ákvörðunin verður ekki tekin fyrr en allir sjóðirnir hafa klárað sín mál, að sögn Hjördísar, til að tryggja það að allir fái sambærilega meðferð. Meðal þess sem er í umræðunni er að sameina einhverja



BYR Framlöginn geta að hámarki verið fimmtungur af eigin fé sjóðsins. Áætlað er að fjórtán milljónum verði veitt til þessa í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

sjóði, að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

Sjóðirnir sex sem sóttu um voru Byr og Sparisjóðir Norðfjarðar, Keflavíkur, Vestmannaeyja, Svarfdæla og Bolungavíkur.

- sh



HVÍTT HÁGLANS, LAKKAÐ 0-1200A

HVÍTT HÁGLANS, LAKKAÐ 0-900

til
afgreiðslu
af lager



Bath Life



HVÍTT HÁGLANS, LAKKAÐ & SVART, LAKKAÐ

T-1380



ALLAR TONA
INNRETTINGAR
AFHENTAR SAMSETTAR

HVÍTT HÁGLANS, LAKKAÐ

0-1200



TEKK, HNOTA, EIK HVÍTT HÁGLANS & SVART

T690



TEKK, HNOTA, EIK HVÍTT HÁGLANS & SVART

T-580

T

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is



- fyrir þitt heimili



ORÐUVEITING Dmitri Medvedev, forseti Rússlands, veitti hermönnum í Norður-Ossetíu orður um helgina, fyrir þátttöku þeirra í stríðinu við Georgíu fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögfræðiálit forsætisráðuneytisins vegna Icesave segir allar kröfur jafnrétt háar: Réttur Tryggingarsjóðs minnkar ekki

EFNAHAGSMÁL Allar forgangskröfur í þrotabúi fjármálaþyrir tækja vegna innistæða eru jafnrétt háar, og Tryggingarsjóður innstæðueigenda á því ekki að njóta forgangs umfram aðra.

Þetta er niðurstaða lögfræðiálits sem Andri Árnason hæstaréttarlögmaður og Helga Melkorka Óttarsdóttir unnu fyrir forsætisráðuneytið vegna Icesave-samningsins.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að álitid staðfesti að ákvæði Icesave-samningsins um jafnræði milli tryggingarsjóða Íslands, Bretlands og Hollands rýri ekki



ANDRI ÁRNASON

HELGA MELKORKA ÓTTARSDÓTTIR

á nokkurn hátt rétt íslenska tryggingarsjóðsins þegar komi

að úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands.

Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður hefur sagt hlut íslenska tryggingarsjóðsins rýrðan með Icesave-samningnum, umfram það sem íslensk lög um gjaldþrot geri ráð fyrir. Því eru þau Andri og Helga ekki sammála.

Í álitid þeirra segir að hefði Tryggingarsjóðnum verið veitt sérstakur forgangur umfram aðra kröfuhafa sem ættu kröfu vegna innstæða, andstætt reglum kröfuréttar og gjaldþrotaréttar, væri hætt við að slíkt fæli í sér brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. -bj

Stjórnvöld í Pakistan:

Óttast upp-gang Al-kaída

PAKISTAN, AP Stjórnvöld í Pakistan óttast að hryðjuverkasamtök in Al-kaída reyni að koma manni úr sínum ródum í forystu talibana í Pakistan, en leiðtogi talibana er talinn af eftir árárs bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Rehman Malik, innanríkisráðherra Pakistan, segir áreiðanlegar vísendingar benda til þess að Baitullah Mesud, leiðtogi talibana í Pakistan, hafi látið lífið í sprengjuárásinni og að hreyfingin sé í lamassessí sem stendur. „Það sem veldur áhyggjum er að Al-kaída er að safna líði og gætu samtök in reynt að sölsa undir sig talibanahreyfinguna,“ segir hann. -bs



HREFNUVEIÐI Þegar er búið að veiða 46 hrefnur og stefnt er að því að veiða yfir 100 dýr. MYND/GUNNAR BERGMANN

46 hrefnur hafa veiðst:

Gróðinn kæmi í útflutningi

SIÁVARÚTVEGUR „Það kemur í ljós hvort þetta fer til Japans, Noregs eða Færeyja. Við erum bara að skoða það,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf. Þegar hafa Hrefnuveiðimenn veitt 46 hrefnur og stefnt er að því að fara yfir eitt hundrað dýr áður en vertíðinni lýkur.

Gunnar segir sölu hafa gengið glimrandi vel og salan stefni á að koma út á núlli á innanlandsmarkaðnum. Ekki er slæmt að salan komi út á núlli því byggja þurfti upp kjötvinnslu í sumar en það þyrfti ekki að gera á næsta ári, að sögn Gunnars.

Panta á fleiri sprengjur og skutla frá Noregi á næstunni og kemur gróðinn í sölu þvi ekki nema farið verði í útflutning. Ekki hafa þeir átt í samninga-viðræðum við erlenda aðila, að sögn Gunnars. -vsp

Lyfin sögð slæm fyrir börn

Alls hefur 101 greinst með svínaflensu á Íslandi. Aðeins níu hafa smitast sem eru eldri en 40 ára. Þeir eldri hafa mögulega þróað vörn gegn flensunni. Bresk rannsókn segir svínaflensulyf ekki virka á börn.

HEILBRIGÐI Alls hefur 101 greinst með svínaflensu, A(H1N1)v, á Íslandi frá því í maí 2009 og komu 29 ný tilfelli upp um helgina. Þar af eru 55 karlar og 46 konur. Þriðjungur er á aldrinum 15 til 19 ára en aðeins níu hafa greinst sem eru eldri en 40 ára. Hafa 46 fengið flensuna erlendis en 52 hér á landi. Óvíst er um þrjú tilvik. Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir flensuna byrjaða að smitast innanlands.

Haraldur segir stóran hluta af aldurshópnum sem er eldri en fjórtíu ára hafa marga fjöruna sopið og líklegt sé talið að þetta fólk hafi þróað með sér vörn gegn flensunni. Þó sé það ekki ljóst.

„Við erum enn að bíða eftir að sjá hvort þeir sem eru 15 til 30 ára smitast mest þar sem þetta er ungt fólk sem ferðast mest til útlanda og fer á mannaföt og er því fyrst til að smitast og hvort þeir sem eldri eru fái flensuna síðar.“

Tugir sýna koma til skoðunar á hverjum degi, að sögn Haraldar, en nú sé þeim tilmælum beint til lækna að að taka færri sýni. Fara eigi eftir einkennum og meðhöndla ef á þarf að halda.

Enginn er enn alvarlega veikur af þeim sem hafa smitast, að sögn Haraldar, en nú þegar flensan er farin að breiðast hraðar út aukist líkurnar á að þeir sem eru veikir fyrir fái flensuna. „Dauðsföll eru sjaldgæf sem betur fer,“ segir Haraldur sem býst við að einn af hverjum 1000 sem smitast á Íslandi gæti látist.

Lyfin sem gefin eru við svínaflensu,



SVÍNAFLENSA Sóttvarnalæknir telur að einn af hverjum 1000 sem smitast á Íslandi gæti látist. Dánarhlutfallið er langhæst í Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tamiflu og Relenza, hafa fleiri galla en kosti fyrir börn allt að tólf ára segir í grein í British Medical Journal. Hjálpyljfjanna sé lítil en á móti komi alvarlegar aukaverkanir. Frekar eigi foreldrar að láta börni sín hvílast og drekka nóg af vökva.

Yfir þúsund af þeim 1.154 sem hafa dáíð úr svínaflensu í heiminum hafa komið frá Norður- og Suður-Ameríku og hefur viðbragðsstigi verið komið á í skólum í Bandaríkjun-

um. Rúmlega fjórðungur þeirra sem látist hafa eru frá Argentínu. Dauðsföll á Bretlands-eyjum eru 41 í það minnsta.

Flensan hefur greinst í 168 löndum og er fjöldi smitaðra að minnsta kosti 162.380, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni WHO. Talið er að talan sé þó margföld sú tala þar sem lönd þurfa ekki lengur að taka sýni úr öllum sem hafa flensueinkenni. vidir@frettabladid.is

The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
Fatastill	Litgreining	Innkaupastjóri
Fatasamsetning	Förðun út frá litgreiningu	Útlitsráðgjafi
Textill	Litasamsetning	Stílisti
		Verslunarstjóri

Erna, stílisti

Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heimikið um fatasamsetningu, textill, lítafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýttist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is



FJÖLGAR Komum erlendra ferðamanna fjölgaði um 1,2 prósent þrátt fyrir mikla hlutfallslega fækkun ferðamanna frá Hollandi, Bretlandi, Póllandi og Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erlendum ferðamönnum fjölga lítillega í heildina:

Færri Bretar og Hollendingar

SAMGÖNGUR Umtalsvert færri Bretar og Hollendingar ferðuðust hingað til lands í nýliðnum júlí en í sama mánuði í fyrra, samkvæmt samantekt Ferðamálastofu yfir fjölda ferðamanna sem fóru um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Alls fóru ríflega 6.300 breskir ferðamenn frá landinu í júlí, samanborið við ríflega átta þúsund í júlí 2008. Fækkunin er um 21 prósent. Hollendingum fækkar heldur minna, úr tæplega 3.450 í rúmlega 2.800, eða um 18 prósent.

„Ég set þessar tölur ekki í samhengi við Icesave,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir, verkefnisstjóri hjá Ferðamálastofu. Hún bendir á ímyndarkönnun sem gerð hafi verið

meðal annars í Bretlandi og Hollandi. Almennitur þar sé almennt jákvæður gagnvart Íslandi sem ferðamannalandi.

Ólöf segir að alltaf séu sveiflur í fjölda ferðamanna á svo stuttu tímabili, réttari mæling fáiast með því að skoða sumarið allt í haust.

Einnig verður mikil fækkun í komum Pólverja og Kínverja hingað til lands. Það segir Ólöf líklega tengjast því að færri komi hingað til að vinna. Þrátt fyrir þetta fjölga erlendur ferðamönnum sem komu til landsins í gegnum Leifsstöð í júlí um 1,2 prósent samanborið við júlí í fyrra. Hlutfallslega mest er aukningin á ferðamönnum frá Spáni og Ítalíu. -bj

Ráðherra á ferð um landið:

Ánægður með skógræktarfólk

LANDBÚNAÐUR Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Atli Gíslason, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, heimsóttu fjölda bænda á vegum Suðurlandsskóga á dögunum. Var Jón ánægður með hvernig bændur standa að skógrækt á Íslandi, segir í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu.

Suðurlandsskógar er átaksverkefni í skógrækt á Suðurlandi til fjórutíu ára. Takmarkið er að rækta upp skóg á fimm prósentum af láglandi Suðurlands á tímabilinu en fyrst var gróðursett undir merkjum Suðurlandsskóga vorið 1998. Starfssvæði verkefnisins nær yfir Reykjanes, Árnæssýslu, Rangárvallasýslu og báðar Skaftafellssýslur. -vsp

FRAKKLAND

Fimm létust í eldsvoða

Fimm manns, tveir fullorðnir og þrjú börn, létu lífið í eldsvoða í París snemma í gærmorgun. Fimmtán manns til viðbótar eru á spítala með reykitrun. Þrjátíu manns var bjargað úr brennandi húsinu, sem er á tíu hæðum. Eldsupptök eru ókunn.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Skráðu þig í elsta og vinsælasta tölvuskólann

*) Miðað við fjölda nemenda frá stofnun skólans.

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED

PEARSON
WU

PROMETRIC
Testing Centre

Partner

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Stutt og hnitmiðað nám

Byrjendanám

Tölvufærni fyrir byrjendur • 30 st./29.900
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/11.900
Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/11.900
Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 st./7.500

Stafræn ljósmyndun og myndbönd

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 st./12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/16.900
Photoshop Elements • 13 stundir/17.900
Stafræn myndbandagerð • 13 stundir/17.900

Access

Access I: Almenn nám • 22 stundir/29.900
Access II: Sérhæft nám • 18 stundir/34.900

Word

Word I: Almenn ritvinnsla • 22 st./26.900
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • 18 st./26.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 st./18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 st./8.900

Excel

Excel I: Almenn nám • 22 st./26.900
Excel IIa: Sérhæft nám • 18 st./32.900
Excel IIb: Fjárm., bókh. & endsk. • 18 st./39.900
Excel IIc: Fjölvar og forritun • 27 st./49.900
Excel: Pivottöflur • 5 st./12.900

PowerPoint

PowerPoint I: Almenn nám • 13 st./16.900
PowerPoint II: Sérhæft nám • 9 st./14.900
PowerPoint I + II • 22 st./25.900

Outlook

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • 13 st./16.900
Outlook II: Fyrir lengra komna • 9 st./14.900

Publisher

Publisher: Bæklingar, kort ofl. • 13 st./18.900

Vefsíðugerð, Photoshop og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 st./32.900
DreamWeaver og Photoshop • 54 st./54.900
DreamW., Photoshop og Flash • 72 st./76.900
Flash: Margmiðlun • 18 st./27.900
Flash II: Forritun • 18 st./27.900
Photoshop: Ljós- og grafík • 27 st./32.900
Photoshop II: framhald • 18 st./32.900

Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 13 st./34.900
MS Project verkefnastjórnun • 18 st./44.900
Skrifstofuskilvirki (Efficiency) • 9 st./18.900
Hugarkort - MindMaps • 4 st./9.900

Hagnýtt bókhaldsnám

Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kennir eru allir algengustu bættir fjárhagsbókhalds, tölvubókhalds, uppgjörs, afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 99.900

Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flókarni færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda. Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókar og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörsaðila eða endurskoðanda.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 79.900

Hagnýtt bókhaldsnám I+II: Verð 169.900

Skrifstofunám

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig með meignáherslu á hagnýta tölvunotkun og bókhald.

Helstu kennslugreinar:

- Upplýsingatækni, Office 2007, Outlook, verslunarreikningur, bókhald ofl.

Lengd: 260 stnd./173 klst. Verð: 169.900

Skrifstofu- og tölvunám

Hnitmiðað nám ef þú vilt verða liðtæk(ur) við fjölbreytt skrifstofustörf og vinnu við tölvu.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Office 2007 og Outlook.
- Tímastjórnun, markmiðasetning, framsögn, vinnuarkaður og launamál.

Lengd: 200 stundir/132 klst. Verð: 129.900

Einka- og hópkenntla

Fáðu einkakenntla til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

MCITP og MCTS nám

MCITP Windows 2008 kerfisstjórn

Námið undirbýr þig undir það að taka þau þrjú próf sem þarf til að verða Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Hægt er að sækja einstök námskeið (MCTS).

Lengd: 180st./120klst. Verð: 269.000

Einstök MCTS námskeið. Verð: 99.999

Upplýsingar um MCITP/MCTS nám á tv.is.

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálföruggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 74.900.

Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfi Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stundir/48 klst. Verð: 64.900

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stigðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Þjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugahljómmyndara

Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spennandi og skemmtilegt nám.

Helstu kennslugreinar

- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

Lengd: 108 st./72 klst. Verð: 129.900

Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 54.900

Hagnýtt verkefnastjórnun

Einstakt nám ef þú vilt ná góðum tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við smá jafnt sem stór verkefni.

Helstu kennslugreinar:

- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og stjórnunar.
- Aðferðarfræði við að undirbúa, áætla og stjórna smáum jafnt sem stórum verkefnum.
- Hugbúnaður við verkefnastjórnun. Kennt á hugbúnað sem notaður er við verkefnastjórnun s.s. MS Project, Outlook, FreeMind hugarkort og áætlanagerð í Excel.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Verð: 99.900

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. Einnig kennt á ASP.

Lengd: 94 stundir/63 klst. Verð: 159.900

Kennt er á kvöldin, tvisvar í viku.

Frá og með haustmisseri er þetta nám einnig í boði sem fjarnám!

ASP .NET vefforritun

Einstakt námskeið til að læra vinsælasta vefforritunarmálið. Mjög reyndur forritari leiðir þig í allan sannleika um hvað hægt er að gera með ASP.

Lengd: 36 stundir/24 klst. Verð: 79.900

Styrkur til atvinnulausra

Atvinnulausir fá 15% afslátt hjá okkur!

Hafðu samband við Vinnuálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki þú getur fengið hjá þeim.

Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ▶ 30 daga ókeypis símabjónusta að loknu námi
- ▶ Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leiðið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

Tölvan sem klárarar skólann með þér

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.



Explorer mús

Lítill mús með Microsoft BlueTrack tækni sem hægt er að nota á nánast hvaða undirlagi sem er.

VERÐ

7.390 kr.



USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, bleikur) sem fæst í 4 GB, 8 GB 16 GB útfærslu.

VERÐ frá

2.490 kr.



Bluetooth stereo heyrnartól

Bluetooth stereo heyrnartól frá Dell. Smella nett utan um eyru og fyrir aftan höfuð. Engar snúrir, ekkert vesen.

VERÐ

8.990 kr.



Office Home and Student 2007

Innihald: Word 2007, Excel 2007, PowerPoint 2007, OneNote 2007. Skólaleyfi fyrir 3 tölvur.

VERÐ

18.990 kr.




Nylon fartölvubakpoki

Hentar fartölvum með allt að 16" skjái. Skjala- og aukahlutahólf með rennilás. Stíllanleg axlar- og mittisól.

VERÐ

8.990 kr.



Trend Internet Security 2009 vírusvörn

Alhliða vörn fyrir tölvur. Eldveggur. Spam vörn. Leyfi fyrir 3 tölvur.

VERÐ

5.990 kr.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000



Look for
**Intel
Inside®**

INSPIRON™ 15

Intel® Centrino® 2 Processor Technology
með Intel® Core™2 Duo processor
P8600 2.40GHz, 1066MHz FSB, 3MB L2 Cache
Verð 189.900 kr.



DELL Inspiron fartölvur á skólatilboði

VERÐ frá

119.900 kr.



Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Atom, Intel Atom Inside, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.

JONSSON & LEMMINGS · ILL · SIA



**Dell V105
All in One prentari**

Prentar, ljósritar, skannar
19 síður á mínútu í svörtu
15 síður á mínútu í lit
Upplausn: 4800 x 1200 dpi

VERÐ

14.900 kr.



**250GB FreeAgent
Go flakkari**

Utánaliggjandi harður diskur
með USB 2.0 tengi
Sérstaklega hljóðlátur og
nettur.

VERÐ frá

16.990 kr.



**LifeCam VX-1000
vefmyndavél**

Sérhönnuð fyrir Microsoft
Live Messenger
Innbyggður hljóðnemi ásamt
góðum myndgæðum

VERÐ

3.990 kr.



**LX-2000
heyrnatól**

Heyrnatól með hljóðnema
sem hægt er að brjóta saman.
Styrkstíllir á snúrinni.

VERÐ

3.490 kr.



**Práðlaust sett
3000**

Wireless Desktop 3000, flott
lyklaborð og þægileg
mús sem vinnur á nánast
hvaða yfirborði sem er.

VERÐ

7.490 kr.



**AX210 USB
tengdir hátalarar**

Litlir og nettir USB hátalarar
frá DELL, góður hljómur.

VERÐ

4.490 kr.



Íslendingar eiga að vera í forystu um málefni samkynhneigðra:

Ein lög gildi um allan hjúskap

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Þessa daga og vikur er fátt sem við Íslendingar getum yljáð okkur við. Framtíðin er vægast sagt óljós, hvort heldur sem lítið er tíu ár fram í tímann, til komandi vetrar eða bara næstu daga og vikna.

Gleðigangan um liðna helgi var því svolítið ljós í myrkrunu. Hugsanlegt er auðvitað að ein ástæða þess hversu myndarleg þátttaka í hátíðarhöldum dagsins var, sé einmitt sú að fólk hafi haft þörf fyrir að lyfta sér upp úr þeim táradal sem margir upplifa að íslenskt samfélag sé um þessar mundir.

Almenn þátttaka Íslendinga í gleðigöngunni er reyndar afar sérstök miðað við þann sess sem sambærilegar göngur hafa í öðrum löndum. Hér er gleðigangan ekki bara hátíð samkynhneigðra. Hún er hátíð fjölskyldna þeirra og allra hinna sem vilja sýna samkynhneigðum og réttindabaráttu þeirra samstöðu. Því gera verður ráð fyrir að meginþorri þeirra sem koma í miðbæ Reykjavíkur til að taka þar þátt í hátíðarhöldum sé með því að lýsa yfir stuðningi við málstað samkynhneigðra.

Gleðigangan í Reykjavík er sannkölluð fjölskylduhátíð. Allar kynslóðir taka þátt. Börnin eru með í gleðinni, ásamt foreldrum og jafnvel ömmum og öfum. Vænta má að hátíðin stuðli að því að þau hljóti meiri skilning á margbreytileikanum en ella.

Sú stemning sem ríkt hefur um gleðigönguna í Reykjavík er einstök. Leiða má að því líkur að hún hafi haft veruleg áhrif á viðhorf fólks. Í það minnsta þykir mörgum sem fordómar í garð samkynhneigðra fari stöðugt minnkandi og ekki er annað hægt en að finna fyrir nokkru stolti þegar erlent samkynhneigt fólk segir okkur að hér á Íslandi upplifi það allt annað viðmót en í heimalandi sínu, opin hug í stað fordóma.

Það var einmitt þess vegna sem Íslendingar þurftu erlenda fjölmiðla til þess að segja sér að það væri merkilegt að forsætisráðherra þjóðarinnar væri samkynhneigður. Obbi Íslendinga leiddi hreinlega ekki hugann að þessu heldur fyrst og fremst því sem Jóhanna Sigurðardóttir stendur fyrir pólitískt.

Eitt þeirra verkefna sem ríkisstjórnin setti sér þegar hún tók til starfa í vor er að breyta lögum á þann veg að ein hjúskaparlög gildi fyrir alla. Með setningu laganna um staðfesta samvist 1996 var brotið blað. Nú er tími kominn til að leika næsta leik og fella undir ein hjúskaparlög allt sem að lífssamböndum fólks lýtur, óháð því hvort þau eru skipuð tveimur einstaklingum hvorum af sínu kyni eða af sama kyni.

Það liggur fyrir að verkefni ríkisstjórnarinnar eru ærin. Flest eru erfið og lítt fallin til vinsælda. Sameining laga um hjúskap gagnkynhneigðra og laga um staðfesta samvist samkynhneigðra í ein lög er verkefni sem líklegt er að breið samstaða skapist um bæði í þinginu og meðal þjóðarinnar og yrði þannig jákvæður innblástur í samfélagið.

Mestu máli skiptir þó að með þessari lagabreytingu yrði brotið blað í mannréttindum samkynhneigðra og Íslendingar skipuðu sér með því í forystusveit þjóða á þessu sviði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Smurþjónusta



Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurþjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna: 9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna: 9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2, Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5. Skoðaðu www.max1.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Háð og spott

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, fer fögrum orðum um Ögmund Jónsson heilbrigðisráðherra á heimasíðu sinni. Hann segir Ögmund mann sannfæringar og geta tekið örkum og kveðst vilja fá sem flesta Ögmunda á þing. Formaðurinn rifjar upp þegar Ögmundur lýsti yfir í góðærinu að frekar vildi hann að bankarnir færu úr landi en að við breyttum samfélagsgildum okkar. „Er fólk búð að gleyma því háði og spotti sem Ögmundur mátti þola fyrir vikið?“ spyr Sigmundur.



Að jafna niður á við

Alls ekki. Háðið var einna mest úr ranni Framsóknarflokksins. Á heimasíðu flokksins var því til dæmis haldið fram að ef hugmyndir Ögmundar yrðu að veruleika gæti farið svo að tvö eylönd byggju við „últra sósíalísma“, Ísland og Kúba. „En Ögmundi finnst greinilega mikilvægt að jafna niður á við þannig að allir hafi það heldur verr en áður og ekki síst virðist honum umhugað um að koma í veg fyrir að ríkissjóður fái auknar skatttekjur til að standa undir öflugri samhjálp,“ var bætt við.

Þjóðin á þingi

Borgarahreyfingin er í hálfgerðu lamasessi



Þessa dagana eftir trúnaðarþrestinn sem varð milli þriggja þingmanna hreyfingarinnar og stjórnar hennar eftir atkvæðagreiðsluna um ESB. Í skýrslu stjórnarinnar sem kynnt var á félagsfundinum 6. ágúst síðastliðinn kemur meðal annars fram að þinghópurinn hafi takmarkaðan vilja til að starfa með stjórninni og álitu að hún eigi ekki að skipta sér af störfum þingmanna. Samvinna þinghópsins við hreyfinguna hafi einkenst af því að „skottíð reyni að hrista búkinn“. Borgarahreyfingin bauð fram undir slagorðinu Þjóðin á þing. Er þetta þjóðin?

bergsteinn@frettabladid.is

Hinir ósnertanlegu

Hvers vegna eru útrásarvísingarnir ósnertanlegir? Hvers vegna er íslenskt samfélag komið í þrot en enginn gengur að eignum þeirra og auðæfum? Hvers vegna er Björgúlfur Guðmundsson enn sem komið er eini íslenski stóreignamaðurinn sem hefur orðið gjaldþrota þrátt fyrir að flest hinna stærri íslenskra fyrirtækja hafi komist í þrot á undanföllum mánuðum?

Það er ljóst að almenningur er fullur óþolinmæði og vill skelleggjar aðgerðir. Almennur vill að útrásarvísingarnir sæti ábyrgð. En því miður býður það rekstrarumhverfi sem hægri-sinnuð íslensk stjórnvöld hafa þróað fyrir fyrirtæki undanfarna áratuga einmitt upp á gagnstæða. Það kristallast í gömlu slagorði sem íslenskir frjálslyggingjarnir boðuðu eins og hverja aðra kennisetningu hér á árum áður. Hér er átt við „kosti hlutfélagaförmsins“, möntru sem Viðskiptaráð, Stjórnunarfélag og Samtök atvinnulífsins, – hin íslenska „þrenning sönn og ein“ – boðuðu sem allsherjarlausn til skamms tíma. Því miður skorti nokkrar víddir í þá umræðu, t.d. þann flöt að það sem væri kostur fyrir einn gæti verið gallar fyrir annan eða jafnvel vandamál heils samfélags.

Kostir hlutfélagaförmsins hafa jafnan tengst takmarkaðri ábyrgð – ábyrgð eiganda sem einungis er ábyrgur fyrir eigin hlutfé og ábyrgð stjórnenda sem ekki hafa önnur markmið en að tryggja eigendum sem mestan skyndigróða. Þess vegna er hrun bankanna – sjálfrá aflvæla íslensks viðskiptalífs – ekki á ábyrgð eigenda þeirra umfram þann takmarkaða hlut sem þeir áttu. Þeir voru búnir að hirða arðinn og stjórnendurnir búnir að hirða bónusana. Ábyrgðin



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Að axla ábyrgð

hvílir hins vegar einhvers staðar annars staðar; hún er takmörkuð þó að hrúnið hafi verið takmarkalaust.

Í umræðu um gjaldþrot íslensku bankanna og hvað verður um ábyrgðir þeirra hefur veruleikafirring verið áberandi, einkum sú röksemdafærsla að bankarnir hafi verið „einkabankar“ og þess vegna eigi gjaldþrot þeirra ekki að koma almenningi á Íslandi við. Þannig er það hins vegar ekki þar sem bankarnir höfðu í raun aldrei leyfi til að fara á hausinn – annars myndi gangvirki íslensks viðskiptalífs stöðvast. Og það blasir við að fyrirtæki sem ekki mega fara á hausinn eru ekki einkafyrirtæki í raun og sann þar sem hið opinbera fær þau í kjöltuna við gjaldþrot. „Einkavæðing“ bankanna var því ekki raunverulegur viðburður – hið eina sem var einkavætt var gróðinn og valdið til að nýta sér þessi fyrirtæki. Ábyrgðin fylgdi aldrei með í kaupunum.

Útrásin var aldrei einkaverkefni nokkurra manna – hún var frá upphafi klædd í þjóðernislegan búning. Hún var birtingarmynd þeirrar þjóðernishyggu sem lítur ekki á þjóðina sem lýðræðislegt samstarfsverkefni heldur eigi þjóðernið að tilheyra hetjum og afburðamönnum sem fari með það í umboði okkar hinna. Einkavæðing bankanna snerist um að færa vald og

vegsemd í hendur hinna fáu en ábyrgðin hvíldi hins vegar áfram á hinu opinbera – öllum þorra almennings. Það var sagan sem aldrei mátti segja af einkavæðingunni.

Núna þegar þessi spila-borg er hrunin hefur önnur þjóðernisorðræða náð yfirhöndinni – hugmyndin um hið saklausa Ísland þar sem enginn bar ábyrgð nema þeir sem báru takmarkaða ábyrgð, hluthafarnir og stjórnendurnir. Í rauninni er þó ábyrgðinni velt yfir á aðra – útlendinga sem eiga að bera tapið. Í orðræðu útrásarinnar voru útlendingar minni máttar, fólk sem ekki bjó yfir hinum meðfæddu og innbyggðu viðskiptahæfileikum íslenskra ahafnamanna. Núna eru þeir hins vegar orðnir að lambinu sem á að bera syndir heimsins – eða a.m.k. þær syndir sem við erum of smá til að bera sjálf.

Kostir hlutfélagaförmsins voru meitlaðir í stein; þeir voru hluti af þeirri umgjörð sem frjálslynd og áhættusækin íslensk stjórnvöld juggu viðskiptalífina. Hornsteinn þeirra var hin takmarkaða ábyrgð – ábyrgðin sem aldrei var lögð á útrásarvísinguna og þeir munu því aldrei þurfa að axla – hvað sem okkur hinum kann að finnast um það. Eina leiðin til að breyta reglunum; til að gefa umheiminum til kynna að tíma glæframennsku í fjármálum sé lokið; til þess að skapa Íslandi það traust sem víkingarnir hafa sólundað – leiðin til þess er að axla ábyrgð og að skapa umhverfi þar sem fólk axlar ábyrgð. Það þarf að gefa skýr skilaboð um það að samfélag þar sem ábyrgð fylgir ekki völdum sé liðið undir lok og að það komi ekki aftur. Það er hin róttæka leið út úr núverandi krepptu.

Samþykkingum samningana

UMRÆÐAN

Guðrún Guðlaugsdóttir skrifar um Icesave-samningana

Æskilegt væri að þingmenn hættu að hugsa um sjálfa sig og færu að hugsa fyrst og fremst um íslensku þjóðina sem heild og hagsmuni hennar. Ef Icesave-samningarnir verða felldir þá horfir verulega illa fyrir okkur. Hvernig sem þessu máli er snúið er illskásti kosturinn að samþykka þessa samninga og hætta ekki á að þeir verði ógiltir með fyrirvörum.

Þeir sem hafa lofað að lána okkur yrðu fegnari en illskættustu andstæðingar samninganna hér ef þeir verða felldir. Þá þurfa þeir ekki að lána og allir hafa nóg við sína peninga að gera á krepputímum. Afneitun eða múður þýðir ekki nú. Við höfum komið okkur í þessi vandræði með samblandi af trúgirni, græðgi og andvaraleysi og við þurfum að koma okkur úr þessu. Það kostar fórnir. Og af hverju skyldu aðrar þjóðir verkenna okkur flónsháttinn? Fólk hér hefur lítt látið slíka atburði í öðrum löndum raska ró sinni.



GUÐRÚN GUÐLAUGSDÓTTIR

Íslenska þjóðin hefur oft hagað sér eins og ofdekrað barn vegna þeirrar trúar að landið hafi hernaðarlegt mikilvægi og því flest mögulegt. En sú tíð er greinilega liðin. Við eigum ekkert skjól og meira að segja Norðurlöndin myndu yfirgefa okkur ef við fellum Icesave-samningana. Þetta er líka for-dæmismál. Alþjóðasamfélagið getur ekki liðið að við semjum ekki um skuldir sem ráðamenn okkar strax sl. haust viðurkenndu ábyrgð á. Annað mál er hvað verður síðar, þá mætti gera aðrar ráðstafanir. Það er mikilvægt fyrir íslenska þjóð að halda reisn. Hik og frestun í þessu máli skilar engu.

Sumir telja að neitun þings felldi ríkisstjórnina. Slík niðurstaða er ólíkleg. Verði umræddur samningur felldur skipar stjórnin einfaldlega nýja nefnd. Hversu ágætir menn sem í henni sætu ættu þeir við sömu aðila að etja – en þeir væru þá orðnir illvígari en áður vegna þess að þeir telja sig þegar hafa komið til móts við sjónarmið okkar. Útkoman yrði því varla betri. En í millitíðinni færi fjöldi fólks úr landi og við værum enn sett. Kæru þingmenn, samþykkið þessa samninga svo við lendum ekki í enn meiri vandræðum. Betri er einn fugl í hendi en hundrað í skógi.

Höfundur er blaðamaður og rithöfundur.

LÝSI kemur ekki aðeins í veg fyrir hjarta- og æðasjúkdóma hjá heilbrigðum heldur minnkar það einnig líkur á hjartaáföllum og jafnvel dauða hjá sjúklingum með hjartasjúkdóma. Þetta er niðurstaða nýrrar bandarískrar rannsóknar sem sagt er frá á www.hjartalif.is.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Eirberg

Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



„Þótt við séum að fá okkar eigin svæði erum við alls ekki í samkeppni við fyrirtæki sem bjóða upp á litbolta sem afþreyingu. Við höfum engan hagnað af þessu nema félagsgjöldin,“ segir Grétar, sem mundar hér litboltabyssu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Signature ... húsgögn

Útsalan er hafin!

Signature ... húsgögn

Opið Mán. - Fö. 12-18 Lau 12-16

Fiskislóð 45, 101 Rvík - S. 771 3800 - www.signature.is

Úr lakkskóm í litbolta

Grétar Bragi Bragason stundaði samkvæmisdans um árabil. Fyrir nokkrum árum reyndi hann fyrir sér í litbolta, fékk brennandi áhuga í kjölfarið og er nú formaður Litboltafélags Hafnarfjarðar.

„Ég prófaði nú bara einn leik og þá varð eiginlega ekki aftur snúið,“ segir Grétar Bragi Bragason, beðinn um að lýsa í hverju aðdráttarafl litbolta sé fólgið. Hann æfði samkvæmisdans um árabil en sneri sér alfarið að litboltanum árið 2004 og gegnir nú stöðu formanns Litboltafélags Hafnarfjarðar.

Grétar segir algengan misskilning að um auðveldan leik sé að ræða. „Þvert á móti þá spilum við á svæði sem er á stærð við um það bil hálfan fótboltavöll. Hver leikur tekur fimm mínútur og maður verður að hafa sig allan við til að vera ekki skotinn; eitt skot og þá er maður úr leik. Í þetta þarf mikið þol, góða tækni og ekki síst samskiptaæiginleika til að geta náð árangri.“

Að sögn Grétars var félagið stofnað árið 2001 og í því eru nú um sextíu félagsmenn af báðum

kynjum. Karlmenn eru þó í yfirgnæfandi meirihluta enn sem komið er, eða fimmtíu á móti tíu. Í vetur hafa félagsmenn hist vikulega í Sporthúsinu en verið er að reisa aðstöðu skammt frá rallykrossbrautinni í Hafnarfirði sem bæjaryfirvöld hafa úthlutað félaginu.

„Svæðið hefur verið í byggingu í um fimm ár og er hugsað undir æfingar og keppnir,“ segir Grétar og bætir við að félagið sé þó eingöngu áhugamannafélag þar sem litbolti er ekki viðurkennd keppnisgrein á Íslandi. „Erlendis er keppt í þessu, þar er þetta atvinnu-mennska. Hér eru miklar reglugerðir, sem meðal annars gilda um litboltabyssur, en þær mega aðeins vera skráðar á félagið en ekki einstaka meðlimi,“ útskýrir hann og bætir við að eitt helsta markmið félagsins sé að fá litbolta viður-

kenndan sem keppnisgrein hér-lendis.

Þótt um áhugamannafélag sé að ræða hefur það þó tvívegis tekið þátt í keppni erlendis, eða árin 2004 og 2005. „Okkur gekk sæmlega á fyrsta mótinu, lentum í 64. sæti af 120,“ minnst Grétar og bætir við að árangurinn hafi verið mun betri í seinna skiptið. „Þá lentum við í fimmta sæti af um 120 sem er bara nokkuð gott.“

Er stefnt á frekari keppni erlendis? „Það á nú bara eftir að koma í ljós. Vandamálið er náttúrlega að þar sem litbolti er enn ekki viðurkennd keppnisgrein er erfitt að fá styrktaraðila til liðs við okkur. Þess vegna þurfum við að kosta allt sjálf,“ segir Grétar, en er þó vongóður um að það breytist þegar litbolti fæst viðurkenndur sem keppnisgrein.

roald@frettabladid.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

1

-15%

SMURVINNA

afsláttur af vinnu við smur!

BÍLKÓ

2

Tilboð

BÓN OG ÞVOTTUR

Alprif og teflonbón á tilboðsverði!

3

-15%

DEKK

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!

ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

KÚMENGANGA verður farin um Viðey í kvöld. Viðeyjarkúmenið er bragðsterkt og vinsælt í matargerð og bakstur. Siglt er frá Skarfabakka klukkan 19.15 og miðað er við að sigla til baka klukkan 21.30.



Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
 Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, frumandi réttum og lífrænum vörum.
Verið velkomin!
KRÚSKA
 VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG
 KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Gefðu vatn
 907 2002
 Hjálparstarf kirkjunnar
 www.help.is

MaxMara MARINA RINALDI STÆRDIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
 MaxMara, HVERFIGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862



Guðrún segir að markmiðið sé að heyrnarmæla 95 prósent þeirra barna sem fæðist á Íslandi. FRÉTTABLAÐID/GVA

Undirstöðunámskeið í **STEINANUDDI** Akureyri og í Reykjavík í ágúst.



Námskeið hannað fyrir fagfólk.
 Kennsla í nuddi með **heitum** & **köldum** steinum.
 Kennslan fer fram á ensku og íslensku.

Kennarar:
 Júlía Brynjólfsdóttir, lögg. sjúkranuddari og
 Debbie Thomas frá Jane Scrivner Stone, London.

Þetta námskeið eitt og sér og gefur þér allt til að verða steinameðferðaöðili en er uppá diploma til framhaldsnámskeiða bæði á Íslandi og Bretlandi. Farið verður í megin atriðum yfir lífeðlisfræðileg áhrif hita og kælimeðferða steinanna, viðbrögð líkamans og aðferðarfræði.

Bráðir/krónískir verkir.
 Heilsufar/hvað er varhugar vert
 Með steinum er hægt að vinna dýpra og léttir álaginu á hendur nuddarans. Listin er að framkvæma kröftuga meðferð sem kemur jafnvægi á líkama og sál.

Staðsetning og dags.:
 Akureyri 10.-12. ágúst – Sunnuhlíð
 Reykjavík 14.-16. ágúst – Rósinni, Bolholti 3

Nánari upplýsingar: Júlía Brynjólfsdóttir s: 898-4022 juliam@simnet.is

Ath takmarkaður fjöldi á hvert námskeið.



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Aukin þjónusta við ungabörn

Heyrnar- og talmeinaföð Íslands eykur þjónustu við ungabörn í þessum mánuði fyrir ungabörn í nágrenni Reykjavíkur auk þess sem starfsmaður fer til Akureyrar einu sinni í viku.

„Í lok ágúst ætlum við að byrja að heyrnarmæla börn sem fæðast á Akureyri,“ segir Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinaföð Íslands. „Við erum líka að fara að bjóða upp á það að foreldrar barna sem fæðast í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur, á Selfossi, Keflavík og Akranesi, geti komið við á Heyrnar- og talmeinaföðinni á föstudögum eftir hádegi og látið mæla heyrn barnsins. Við stefnum að því að mælingin verði búin áður en barnið verður sex mánaða.“

Forsaga þessarar auknu þjónustu við ungabörn er sú að fyrir rúmum tveimur árum var gerður samningur til tveggja ára milli Heyrnar- og talmeinaföð Íslands og Landspítalans um að heyrnarmæla öll börn sem fæðast á Landspítalanum. Árið 2008 tókst að mæla 94 prósent fæddra barna á Landspítalanum en mælingin er foreldrum að kostnaðarlausu. Samningurinn var framlengdur fyrir stuttu.

„Samningurinn gerir það að verkum að finnum börnin sem eru heyrnarskert miklu fyrr,“ segir Guðrún og bætir við að það skipti verulegum máli upp á málþroska. „Áður en við byrjuðum að mæla var meðalgreiningaraldurinn þrjú og hálf ár. Þá höfðu

börnin ekkert heyrt í þann tíma,“ upplýsir Guðrún en með heyrnarmælingunni verður hægt að finna heyrnarskert börn miklu fyrr.

Guðrún segir að sjötíu prósent allra barna fæðist á Landspítalanum í Reykjavík og tíu prósent til viðbótar á Fjórdungssjúkrahúsínu á Akureyri. „Ætlunin er að heyrnarmæla þau. Það verður opinn tími á fimmtudögum á heilsugæslunni á milli eitt og hálfþrjú og þá geta foreldrar komið með börnin,“ útskýrir Guðrún en starfsmaður frá Heyrnar- og talmeinaföðinni fer norður til heyrnarmælinganna.

Þegar búið er að bæta Selfossi, Keflavík og Akranesi við þau átta tíu prósent barna sem heyrnarmæld verða í Reykjavík og á Akureyri er hlutfall ungabarna sem heyrnarmæld eru komið upp í níutíu prósent. „Síðan erum við að gera okkur vonir um að börn sem fæðast á Heilbrigðisstofnun Austurlands, í Vestmannaeyjum og Ísafirði geti komið til Reykjavíkur eða Akureyrar til mælingar.“

Guðrún segir að markmiðið sé að heyrnarmæla 95 prósent allra þeirra barna sem fæðast á Íslandi. „Þá væri ég hress með mig. Þetta tekur samt auðvitað tíma að festa sig í sessi. Mæður vita af möguleikanum og leita eftir því að heyrn barnanna verði mæld.“

maria@frettabladid.is

Flensa og næring

Fólk með flensu og hita þarf að drekka vel.

Mjög mikilvægt er að drekka vel þegar fólk veikist af influensu og líkamshiti hækkar. Á vef Landspítala - háskólasjúkrahúss www.lsh.is, er að finna leiðbeiningar frá Rannsóknarstofu í næringarfræðum við HÍ og LSH. Þar segir að gott sé að drekka að minnsta kosti tvo lítra á dag. Stærri fólk þurfi meiri vökva og smávaxnir eitthvað minna. Lítil börn með hita þurfi rúmlega lítra af vökva daglega. Sumir af drykkjunum sem neytt er þurfa að innihalda sölt og sykrur. Þess



vegna er gott að drekka soð, súpur og grænmetisasa sem innihalda oftast bæði sölt og sykrur, sömuleiðis ávaxtasafa og íþróttadrykki sem innihalda meira af sykrum en einnig sölt. Íste getur einnig verið hressandi, eða gosdrykkir. Þegar fólk er veikt finnst því oft lystugra að þynna drykkina, þ.e. að blanda út í þá meira af vatni en áætlað er. Dæmi um heimatilbúna blöndu er sódavatn og eplasafi, blandað til helminga. Fyrir börn sem eru á brjósti og mæður þeirra er gott að brjóstgjöfinni sé haldið áfram og hún jafnvel aukin ef hægt er – hugsanlegt er að mamman hafi andlitsgrímu ef hún er veik og barnið ekki.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílar til sölu



Til sölu góður og ódýr Nissan Primera station árg. '99 ek. 187þ. Smurbók frá ca 60þ. S. 847 8704.



Til sölu Hyundai Starex 4x4 dísel árg.'01, Ek. 138 þ. Vel með farinn 7 manna frábær fjölskyldubíll, lúxus innrétting, dráttarbeyslí. Verð 980 þ. Uppl. í síma 6648363

Góður bíll til sölu. Nissan Sunny árg. '95 ek. 180 þús. Nýsk. og vel útlitandi. S. 899 2190.

0-250 þús.

Toyota Corolla 96' ek. 190 þ. með skóðun 2010, sellist á 90 þús. Álfelgur fylgja frítt með. s:8400105

Ódýr Honda Cív 99" skoðaður 10" ek. 202þ. Mjög sparneytinn 1,4 vél. Selst á 190þ. s. 615-1810.

250-499 þús.

Toyota Corolla árg. '94 sk. '10. Fallegur, vel viðhaldið. V. 280þ. S. 847 3278.

2 milljónir +



Til sölu Chrysler 300C SRT8 árg.'06. Geggjaður bíll! Verðtilboð 4.590 þ. Góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.

Bílar óskast

Óska e.að kaupa til niðurrís gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

Vantar bíll!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús. stgr. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunnar. S. 659 9696.

Jeppar



Toyota Corolla Touring. Ek. 164. Góður bíll í toppstandi. V. 480.000. S: 8633993

EBERSPACHER, vatns- og hitablasarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Laxa- og silungamaðkar til sölu að Holtsgötu 5, í vesturbænum. Símar 8571389 og 5515839.

Vörubílar

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum úttegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

MAN 8.153 árg. '97 Nýsk. bíll í góðu ástandi. Burðargeta um 3000kg Vörulyfta 1500kg með fjarstýringu, bakkmyndavél. Til sýnis og sölu hjá KHG Þjónustunni ehf Eirhófa 14, 110 Reykjavík. S. 587 5452 & 896 0735.

Húsbílar



M/B Sprinter 316cdi árg 2001 crus kontrol læst mismunadrif svefnaðstaða fyrir 4 miðstöð skápar. verð 1450 þús S:665-6156

„Þátttaka okkar í Evrópu hefur verið skemmtilegt krydd í sumarið og hjálpað okkur að þetta liðið betur og vinna í ákveðnum hlutum eins og að halda boltanum innan liðsins og annað slíkt,“ segir Gunnar

Örn og kvartar ekkert yfir auknu leikjaálagi sem velgengnin í Evrópu kostaði.

„Það er búið að vera fint að spila svona þétt eins og við höfum verið að gera og það er enginn að kvarta yfir því þegar vel gengur. Við tókum samt þessarri viku fagnandi og munum nota hana vel til þess að hlaða batteríin og undirbúa okkur fyrir mikilvæg- an leik gegn Fylki. Það verður gríðarlega erfiður leikur því Fylkir er, líkt og við, með mikið stemningslið sem hefur verið að spila vel í sumar. Við höldum bara áfram að elta FH á meðan tölfræðilegur möguleiki er fyrir hendi en það verður erfið. Ég efast stórlega um að jafn gott lið og FH eigi eftir að tapa það mörgum stigum en við vonum auðvitað það besta. Við einbeitem okkur annars bara að okkur og okkar leik og tókum einn leik fyrir í einu,“ segir Gunnar Örn að lokum.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson spár í leiki kvöldsins í Pepsi-deild kvenna:

Mikilvægur leikur á Akureyri

FÓTBOLTI Í kvöld fer fram heil umferð í Pepsi-deild kvenna og ríkir hörkuspenna á toppi deildarinnar. Þrjú lið – Valur, Breiðablik og Stjarnan – eru efst og jöfn á toppnum og Þór/KA er ekki nema þremur stigum á eftir þeim. Tvö þeirra mætast innbyrðis í kvöld er Þór/KA tekur á móti Stjörnunni á Akureyri. Valur mætir Fylki og Breiðablik tekur á móti KR. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari spáði í spilin fyrir Fréttablaðið.

„Það er mikið undir í leikjum kvöldsins en ég held þó enn að mikilvægasti leikur sumarsins verði viðureign Stjörunnar og Vals í byrjun september,“ sagði Sigurður Ragnar. „Til þess að sá leikur verði úrslitaleikur verður Stjarnan því helst að vinna á

Akureyri því ég á ekki von á því að Valur lenti í vandræðum með Fylki í kvöld. Þær munu mæta ákveðnar til leiks í kvöld og vinna.“

Hann á þó von á hörkuleik á Akureyri. „Þetta er gríðarlega sterkur heimavöllur og Þór/KA hefur mikið sjálfs- traust. Mér finnst það vera lið sem getur unnið alla andstæðinga á góðum degi. Þær fóru að vísu hægt af stað í mótinu í vor en hafa síðan verið á miklu skriði.“

Sigurður Ragnar telur að Blikar gætu lent í vandræðum í kvöld.



„KR hefur spilað vel að undanfögnu og unnið þrjú leiki í röð. Breiðablik hefur að sama skapi verið að veikjast. Harpa Þorsteins- dóttir er fót- brot- in og Sandra Sif Magnús- dóttir er farin til útlanda. Ég spáði því þó fyrir mót að Breiðablik yrði meistari og ég er ekki reiðubúinn að breyta spánni enn. Valur hefur þó enn mótið í sínum höndum en hin liðin hafa þó sýnt að það er vel hægt að sigra Val.“

- esá

SPENNA Stjörnunni mæta Þór/KA í stórleik kvöldsins í Pepsi-deild kvenna.



HANNES ÞÓR Í fyrsta sinn valinn í landsliðshóp Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vil festa mig í sessi í landsliðinu

Hannes Þór Halldórsson var í gær valinn í íslenska landsliðið í knattspyrnu fyrir leikinn gegn Slóvakíu.

FÓTBOLTI Í gær var tilkynnt að þeir Hannes Þór Halldórsson og Bjarni Ólafur Eiríksson hefðu tekið sæti þeirra Árna Gauts Arasonar og Hermanns Hreiðarssonar í íslenska landsliðshópnum vegna meiðsla þeirra síðarnefndu. Bjarni Ólafur hefur verið fastamaður í landsliðinu undanfarið en Hannes Þór er nú valinn í fyrsta sinn. Ísland mætir Slóvakíu í vinnatúlsleik á morgun.

Hannes hefur varið mark Fram undanfarið misseri með miklum ágætum og fær hann nú tækifæri til að sanna sig með landsliðinu.

„Ég var auðvitað hrikalega ánægður þegar ég fékk fréttirnar. En ég var annars ekkert að spá í þessu enda búið að velja hópinn,“ sagði Hannes í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann neitar því ekki að hafa bundið vonir við að fá tækifærið nú. „Ég vissi þó að fyrir voru tveir markverðir sem Ólafur landsliðs- þjálfari hefur verið ánægður með og kom það því ekki á óvart að þeir voru valdir. En nú datt Árni Gautur út og er það mitt að sýna að ég eigi heima í þessu liði og ég stefni að því að halda sæti mínu.“

Hann segist þokkalega ánægður með eigin frammistöðu í sumar og stefnir einnig að því í framtíðinni að komast í atvinnumenskuna. „Það er eins og með landsliðið, ég hef stefnt að því leynt og ljóst að komast út. Það hefur þó ekki mikið verið í gangi í þeim málum í sumar en það er vonandi að landsliðið hjálpi til.“

Hann segist reiðubúinn fyrir nýjar áskoranir sem fylgja bæði landsliðinu og atvinnumenskuna. „Ég fékk góða reynslu af því að spila með Fram í Evrópukepp- inni og þá sérstaklega í útileiknum í Tékklandi. Þar spiluðum við gegn sterkum andstæðingi fyrir framan mikinn fjölda áhorfenda. Þar fékk maður aðra tilfinningu fyrir knattspyrnunni en hér heima. Það var mikilvægt að fá að fóta sig í slíku umhverfi.“

Hannes segist einnig vongóður um að fá tækifæri í leiknum á morgun. „Ég geri mér fulla grein fyrir því að Gunnleifur (Gunnleifsson) er væntanlega fyrsti kostur í byrjunarliðið en það væri gaman að fá að spreyta sig. Það er aldrei að vita hvað gerist.“

eirikur@frettabladid.is

“Grease er í einu orði sagt **DÚNDUR SHOW** sem hrífur áhorfendur frá fyrstu stundu með leikgleði og æskuþokka”

JVJ/DV

“...Besta sviðsetning Grease til þessa..”

PBB/Fréttabl.



PBB/Fréttabl.



JVJ/DV



Verð frá 2.990

GREASE

Frábærar viðtökur!

Miðasala opin alla virka daga milli 14 og 18

Nýjar sýningar í sölu!

Sunnudagurinn 16.08.09 kl. 16:00
Fimmtudagurinn 20.08.09 kl. 20:00
Sunnudagurinn 23.08.09 kl. 16:00

Fimmtudagurinn 27.08.09 kl. 20:00
Laugardagurinn 29.08.09 kl. 14:00
Laugardagurinn 29.08.09 kl. 17:00



www.loftkastalinn.is

miðasala: 527-1000

midl.is



Loftkastalinn

Eiður Smári er rólegur yfir framtíð sinni í boltanum:

Ætla að vanda valið

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var mættur á landsliðsæfingu á Laugardalsvelli í gær fyrir leikinn gegn Slóvakíu en hann hefur undanfarið verið í æfingaferð með Barcelona í Bandaríkjunum.

„Ég kom bara í morgun eftir langt ferðalag frá Bandaríkjunum þannig að það er smá ryð í mér enn þá en það er náttúrulega alltaf gaman að koma heim og hitta strákana og svona,“ segir Eiður Smári sem hefur fengið að spila talsvert á undirbúningstímabilinu með Barcelona og er því að komast í fint stand fyrir komandi tímabil.

„Þetta hefur verið ágætt og ég var sérstaklega sáttur við síðasta leikinn. Ég hef annars notað síðustu vikur til þess að vinna vel og koma mér í eins gott stand.“

Eiður Smári hefur stöðugt verið orðaður við félagsskipti frá Nývangi í sumar en hann er enn sallarólegur yfir stöðu mála.

„Það er svo sem ekkert nýtt að segja frá eins og staðan er núna og lokast félagsskiptagugginn nokkuð fyrr en í lok ágúst? Ég ætla alltént ekki að flýta mér og ætla að vanda valið vel hvað sem verður,“ segir Eiður Smári að lokum.

- óp

TOSHIBA FARTÖLVA



15,4"

Toshiba L300-25L
 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi
 • 1GB (1x1GB) DDR2 800MHz minni •
 120GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual
 Layer skrifari • 15.4" WideScreen WXGA
 skjár • Intel Graphics Media Accelerator
 X4500 skjá kort • 3xUSB 2.0, VGA,
 ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista
 Home Basic

89.990

ALLTAF BETRA VERÐ



19"

acer
LCD SKJÁR

19 Acer V193WAbb
 19" LCD breiðskjár • 1440x900 upplausn
 • 10000:1 skerpa • 16.7 milljónir lita •
 5ms viðbragðstími

21.990



17"

acer FARTÖLVA

Acer Aspire 7530G-623G25MN
 2.0Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-62 örgjörvi • 3GB DDR2
 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW
 Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WideScreen WXGA
 CrystalBrite skjár • 256MB DDR2 Geforce Go 9100M GS
 skjá kort • Þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í
 skjá • Vefmyndavél • 4xUSB 2.0, HDMI, TV-út,
 VGA, S/PDIF, ExpressCard/54 slot ofl. •
 Windows Vista Home Premium

119.990



WD

**1 TB MYBOOK
FLAKKARI**

WD Essential 2
 1TB flakkari • Hljóðlátur og
 umhverfisvænn WD Green
 harður diskur • Slekkur á sér
 um leið og tölvun

21.990



Logitech

HÁTALARAKERFI

Logitech X-210
 25w RMS • Stórt bassabox • Fjarstýring • Heyrnartölstengi

11.990

acer FARTÖLVA

15,6"



AMD

Acer Aspire 5536G-644G50MN
 2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi
 • 4GB DDR2 667MHz minni • 500GB SATA
 harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-
 RW skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal
 breiðskjár • 512MB ATI Mobility
 Radeon HD 4570 PCI-Express skjá kort
 • Þráðlaust 802.11bgn netkort með
 loftneti í skjá • Talnaborð • Windows
 Vista Home Premium

149.990



Logitech

FERÐAHÁTALARAR

Logitech V10
 Ferðahátalarar fyrir
 fartölvur ofl. • Stereo 2.0
 • Taska og USB kapall

11.990



Logitech

VEFMYNDAVÉL

Logitech QuickCam S5500
 1,3 megapixel vefmyndavél á skjá og
 fartölvur • Hljóðnemi • Logitech Fun Filters

11.990

UNITED 720/1080i

United HD MMP 9530
 3.5" margmiðlunarspilarari • HDMI Optical og Composite
 tengi • SD/MMC kortalesari og USB Uplink



MARGMIÐLUNARSPILARI

HDMI

14.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

> Courtney Thorne-Smith

„Í fullri hreinskilni þá væri ég grennri ef það myndi ekki valda mér sársauka og vanlíðan en sem betur fer skil ég núna að þyngdin skiptir ekki öllu máli.“

Thorne-Smith leikur Cheryl í þættinum According to Jim sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 20.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR** SKIPTIR SKEMMTUN Í TVO FLOKKA

Snobbið í sjónvarpinu, grínið á Netinu

Fólk gerir kröfur til sjónvarps. Það vill að það sem í boði er sé af ákveðnum gæðum, auglýsingar séu í litlum mæli, helst ekki innan dagskrárliða heldur á milli þeirra, textinn undir sé á íslensku (sem hann er reyndar sjaldnast) og svo framvegis. Þetta sama fólk hefur yfirleitt mikið fyrir því að horfa á stutt óskýr myndbönd í á Netinu. Hvers vegna er engin krafa um gæði þar?

Youtube var eitt sinn Mekka gláparans þar sem finna mátti allt á milli himins og jarðar. Nú má bara finna það sem ekki er hæft til birtingar í öðrum miðlum, sem sagt draslið. Brot úr þáttum, tónlistarmyndbönd, viðtöl, jafnvel eldri stíklur úr bíomýndum og annað efni sem birt var upphaflega í kynningarskýni, allt horfið eða „ekki í boði í þínu landi“. Síðan hvenær er Netið bundið við lönd? Skiptingin er því orðin alger, það sem er nógu gott fyrir sjónvarp og svo hitt.

Einhverra hluta vegna sættum við okkur við minna á

NÆSTA KYN-SLÖB VELUR NETIÐ Eins og er á Netið vinninginn yfir sjónvarp þegar kemur að afþreyingu.



Netinu en þegar heim er komið og sest í sófann. Við heimtum alvöru dagskrágerð en leiðist svo þegar okkur býðst hún. Hugsanlega einmitt af því að það sem bjargar vinnudeginum er ruslið á Netinu. Sjónvarpið býður ekki upp á niðusóðið grín nema með misheppnuðum árangri. Rusl, hugsum við og hlöðum Ninja Cat niður einu sinni enn og vælum af hlátri.

Af þessu hlýtur maður að draga þá ályktun að það sem er snobbað mest fyrir sé í raun það sem okkur leiðist mest. Heimildarmyndir, kryfjandi fréttaskýringarþættir og útlenskar bíomýndir. Við heimtum að þetta sé í boði, borgum okkar skatt fyrir þann mun að eiga ríkissjónvarp sem hugar að menningarlegu gildismati samfélagsins, en höfum við gaman að því þegar öllu er á botninn hvolft?

Kannski er ríkissjónvarpið ekki ætlað mér. Það er allt í lagi, ég get borgað fyrir það líkt og ég borga í framkvæmdasjóð aldraðra. Því einhvern tímann mun það höfða til mín. En ekki núna.

PRÍÐJUDAGUR



► **20.00 Confetti** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.10 Notes From the Underbelly** STÖÐ 2



► **20.10 Skólaklíkur** SJÓNVARPIÐ



► **21.00 Design Star** SKJÁREINN



► **21.40 Love You to Death** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

- 16.20 Bikarmót FRÍ** (2:3) (e)
- 16.35 Leiðarljós**
- 17.20 Tákn málsfréttir**
- 17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar** (56:65)
- 17.52 Herramenn** (6:13)
- 18.02 Hróturinn Hreinn** (40:40)
- 18.10 Íslenski boltinn** (e)
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veðurfréttir**
- 19.35 Kastljós**
- **20.10 Skólaklíkur** (Greek) (13:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjóruga félagslífi þeirra í háskóla. Helstu leikarar eru Jacob Zachar, Spencer Grammer, Scott M. Foster, Jake McDorman, Clark Duke, Dilshad Vadsaria, Paul James og Amber Stevens.
- 20.55 Dauðinn á Madame Arthur** (Da döden kom forbi Madame Arthur) Dönsk heimildamynd um hommaklúbbinn Madame Arthur í Kaupmannahöfn.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veðurfréttir**
- 22.25 Uppljóstrarar** (The Whistleblowers) (2:6) Bresk spennuþáttaröð um lögræðinga sem komast í hann krappan eftir að þeir verða vitni að ólöglegru handtöku lögreglunnar á meintum hryðjuverkamanni. Meðal leikenda eru Richard Coyle, Indira Vama, Daniel Ryan og Paul Freeman.
- 23.15 Kastljós** (e)
- 23.50 Dagskrárlök**

BÍÓ

- 08.00 Can't Buy Me Love**
- 10.00 Iron Giant**
- 12.00 Tenacious D.**
- 14.00 Look Who's Talking**
- 16.00 Can't Buy Me Love**
- 18.00 Firehouse Dog**
- **20.00 Confetti** Bresk gamanmynd um þrjú bör sem taka þátt í keppni um frumlegasta brúðkaup ársins, en í verðlaun er hús.
- 22.00 Network** Sigild verðlaunamynd frá 1976 sem gerist á sjónvarpstöð og fjallar um hina eilífu togstreitu milli sjálfstæðri fréttastofu og eignarhaldsins.
- 00.00 Jackass Number Two**
- 02.00 Infernal Affairs**
- 04.00 Network**
- 06.00 Borat**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Go Diego Go!, Maularinn og Tommi og Jenni.
- 08.15 Oprah**
- 08.55 í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 Doctors** (11:25)
- 10.00 Doctors** (12:25)
- 10.35 In Treatment** (6:43)
- 11.05 Cold Case** (23:23)
- 11.50 Gossip Girl** (24:25)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Hollyoaks** (252:260)
- 13.25 Man From Snowy River**
- 15.05 Sjáðu**
- 15.35 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Go Diego Go! og Tommi og Jenni.
- 17.08 Bold and the Beautiful**
- 17.33 Nágrannar**
- 17.58 Friends** (13:24)
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- 19.20 The Simpsons**
- 19.45 Two and a Half Men** (22:24) Charli Sheen og John Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan. Enn búa þeir bræður saman ásamt Jake, syni Alans, og enn er Charlie sami kvennabósinn og Alan sami lánleysinginn.
- **20.10 Notes From the Underbelly** (10:10) Gamanþættir þar sem dregnar eru upp myndir hliðar á barneignum og barnaupplíð. Í fyrstu seríu eignuðust Andrew og Lauren sitt fyrsta barn en nú fyrst byrjar ballið - sjálft barnaupplíð.
- 20.30 'Til Death** (11:15) Brad Garrett leikur fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjönnum ágætis venskapur.
- 20.55 Bones** (23:26)
- 21.40 Little Britain** (2:6)
- 22.10 My Name Is Earl** (20:22)
- 22.35 The Sopranos** (28:39)
- 23.30 The Amityville Horror**
- 01.00 Infernal Affairs**
- 02.55 Man From Snowy River**
- 04.35 Bones** (23:26)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

besta sætið

- 17.40 World Supercross GP** Að þessu sinni var mótið haldið á Lucas Oil leikvanginum í Indianapolis.
- 18.35 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafrettamönnum Stöðvar 2 Sport.
- 19.35 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik um Samfélagskjöldinn.
- 21.30 Meistaradeildin í golfi 2009** Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistaradeildinni í golfi, kyflingar teknir tali, golfkennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golfvélir skoðaðir.
- 22.00 PGA Tour 2009 - Hápunktur** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
- 22.55 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.
- 23.20 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2

enski boltinn

- 18.00 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
- 18.30 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífín á einum stað.
- 19.00 PL Classic Matches** Man United - Middlesbrough, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 19.30 PL Classic Matches** Man Utd - Derby County, 1996.
- 20.00 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
- 20.55 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik sem fór fram á Anfield.
- 22.35 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
- 23.05 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik Samfélagskjöldinn.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
- 08.00 Rachael Ray** (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist**
- 18.00 Rachael Ray**
- 18.45 America's Funniest Home Videos** (11:48) (e)
- 19.10 Family Guy** (10:18) (e)
- 19.35 Everybody Hates Chris** (e)
- 20.00 According to Jim** (4:18) Bandarísk gamanríka með Jim Belushi og Courtney Thorne-Smith í aðalhlutverkum.
- 20.30 Style Her Famous** (15:20) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnur í Hollywood. Að þessu sinni hjápar hann konu sem vill vera bæði sexi og virðuleg að líta út eins og Tyra Banks.
- **21.00 Design Star** (3:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Hönnuðurnir fara á blískurssölu til að fá innblástur fyrir næsta verkefni sem er að innrétta tvær stofur í stóru hefðarsetri.
- 21.50 The Dead Zone** (9:13) Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny blandast í morðrannsókn eftir að ung kona er myrt en ekkert er eins og það sýnist.
- 22.40 Penn & Teller: Bullshit** (38:59) Penn & Teller leita sannleikans en takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyga-laupa með öllum tiltækum ráðum.
- 23.10 How to Look Good Naked** (e)
- 00.00 CSI. New York** (18:21) (e)
- 00.40 Home James** (6:10) (e)
- 01.10 Dr. Steve-O** (5:7) (e)
- 01.40 Pepsi MAX tónlist**

INN

- 20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Umræður um pólitík liðandi stundar.
- 21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.
- 21.30 Reykjavík - Vestmannaeyjar - Reykjavík** Seinni hluti. Opinber heimsókn INN til Vestmannaeyja. Umsjón Árna Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson. (e)

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Nýr matseðill á Ruby Tuesday

17 nýir réttir til að gæða sér á Komdu í heimsókn

Ruby Tuesday
BRAGÐGÖÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholtí 19 Sími 577-1300



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Bones

Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Sem fyrr fylgjust við með störfum dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlög- reglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan á milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin verður sú hvort þau verði einhver tíma par. Það sem færri vita er að persónan Brennan er byggð einum virt- asta réttarmeinafræðingi Bandaríkjanna, Kathy Reichr, sem hefur allt frá upphafi tekið þátt í að skrifa þættina og leggja til sönn sakamáli sem hún sjálf hefur leyst á ferli sínum.



**► VIÐ MÆLUM MED
Dauðinn á Madame Arthur**

Sjónvarpið kl. 20.55

Dönsk heimildarmynd um homma- klúbbinn Madame Arthur í Kaup- mannahöfn. Klúbburinn var áberandi í skemmtanalífi borgarinnar á árunum upp úr 1980 en átti undir högg að sækja eftir að HIV-smit fór að breiðast út í landinu. Í myndinni rifja fastagestir staðarins upp minningar frá Madame Arthur og segja frá óttanum sem greip um sig þegar alnæmi kom til sögunnar og fordómunum sem því fylgdi.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunfrúin
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunfrúin
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunfundur með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Óvissuferð - allir velkomnir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Drottning hundadaganna
- 15.03 Útlarpssagan: Ljósíð í vatninu
- 15.25 Þriðjudagsdjass
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Sumarraddir
- 21.20 Djassveisla í 20 ár
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Syndin er lævis og lipur
- 23.00 Gatan mín
- 23.35 Kvöldtónar
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (251:260)

17.15 Hollyoaks (252:260)

17.40 The O.C. 2 (7:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

18.25 Seinfeld (15:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

18.45 Hollyoaks (251:260)

19.15 Hollyoaks (252:260)

19.40 The O.C. 2 (7:24)

20.25 Seinfeld (15:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

► 21.40 Love You to Death (5:13) Í hverjum þætti er sögð dagsönn saga af hreint lygilegum sakamálum sem eiga það sameiginlegt að tengjast hjónum og ástríðu-glæpum. Þessir frumlegu þættir koma úr smíðju Johns Waters.

22.05 So You Think You Can Dance (16:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.

23.30 So You Think You Can Dance (17:23)

00.15 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnur eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmynda-áhugamenn.

00.45 Fréttir Stöðvar 2

01.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Hero 12.30 After You've Gone 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.15 After You've Gone 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 After You've Gone 19.00 Coupling 19.30 The Black Adder 20.00 Waking the Dead 20.50 Coupling 21.20 The Black Adder 21.50 EastEnders 22.20 The Weakest Link 23.05 Waking the Dead 23.55 Coupling

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Aftenshowet med Vejret 10.40 En elg i linsen og en ræv bag øret 11.30 Forandring på vej 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Hovdingebold 13.55 En lille reminder 14.05 Lucky Luke 14.30 Naruto 14.55 Den lyserøde panter 15.00 Ninja Turtles 15.20 Ogy og kakerlækkerne 15.30 Lille Nord 16.00 Vilde verden 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Kær på tur 18.00 Hammerslag 18.30 Så for sommer 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 D'Artagnan og de tre musketerer 21.05 Ildproven 22.45 Dodens detektiver 23.05 Seinfeld

NKI

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svisj gull jukeboks 14.10 Peggy Sue blei gift 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Smaken av Danmark 18.25 Fisker'n i Oslofjorden 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Extra-trekning 20.30 Ebba Haslund i krig og kjærlighet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Dragning mot død 22.05 Darwins verden 22.55 Uventet besøk 23.25 Jazz jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Merete Mazzarella i fyra akter 11.40 Brotti i sol 13.05 Affären 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Pistvakt 15.25 Sjukan 15.55 Anslagstävlan 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 AnneMat 16.45 Så såg vi sommaren då 17.00 Cirkusliv 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Vem tror du ätt du är? 19.00 Foyle's war 20.35 Norsk attraktion 21.05 Upp till kamp 22.35 1800-talet ut-och-in 23.15 Sändningar från SVT24



Goran Superform

- raunhæft námskeið sem kemur þér í form á 4 vikum.

Goran Micic íþróttافرæðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, þ.á.m. mat sem örvar fitubrennslu. Þú lærir hvernig á að glíma við matar- og sykurþörfina og hvernig þú brennir meira og léttist hraðar.

Sértilboð

Superform námskeið og Superform matartaska í 4 vikur á aðeins 69.900.

Goran útbýr töskuna sérhannaða fyrir þig með þína orkuþörf í huga sem tryggir þér hámarks árangur í ræktinni. Inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn.



Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?



KINESIS

5 tímar á viku. Takmarkaður fjöldi. Einkaráðgjöf hjá Goran. Persónuleg næringaráðgjöf. Ráðgjöf við matarinnkaup. Næringadrykkur í lok hvers tíma. Herðanudd í pottum eftir æfingar.

Technogym-lykillinn fylgir þér gegnum æfingarnar og hefur að geyma stillingar þínar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.



Námskeiðið hefst 17. ágúst kl: 6:30 | 7:30 | 10:00 | 12:00 | 16:30 | 18:30

Skráðu þig núna!



Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is



LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég set Beach Boys á til að koma mér inn í daginn, ekkert fallegra en byrjunin á Good Vibrations. Eftir það hlusta ég mjög líklega smá á Billie Holiday, Nick Drake eða Bonnie Prince Billie. Ef dagurinn er langur og strangur þá skelli ég Hauki Morthens og hans Frost-rós á í lokin.“

Halldóra Malín Pétursdóttir leikkona vinnur í Skaftfelli á Seyðisfirði.

Fimmtíu nýjar raddir frá Ladda

Laddi hristir fram úr erminni fimmtíu nýja karaktera á nýrri plötu sem gefin verður út samhliða einleiknum Jólasögu, þar sem Laddi leikur Skrögg sjálfan. Nýlega var tekin upp tónlistin fyrir plötuna. „Þetta er sem sagt einleikur og þeir ætla víst að gefa þetta út á disk, þessa sögu. Það er hljómsveit og það er kór og ég bý þetta náttúrulega allt til sjálfur,“ segir Laddi, en æfingar standa yfir á verkinu.

„Þetta er heljarinnar verkefni, það er mikið mál að vera einn með alla þessa karaktera, skipta um rödd stanslaust. Það er enginn annar á sviðinu þannig að ég þarf að tala við sjálfan mig, þetta er svoltið mikið. Það vefst ekki fyrir

mér svoleiðis. Það er aðallega að muna þennan texta, það gæti vafist aðeins fyrir manni sem er kominn svona aðeins á efri ár eins og maður segir.“

Þegar líður á æfingar verður svo sagan sjálf í töluðu máli tekin upp. „Þeir eru allir að myndast svona.“ Á hann sér uppáhaldsrödd meðal þessara persóna? „Aðalkarakterinn er náttúrulega Skröggur sjálfur, eigum við þá ekki að segja að hann sé í uppáhaldi. Hún er svona sambland, ábyggilega heyrir einhver rödd sem hann kannast við. Ég var nú einu sinni í Óliver Twist og lék þar Fagin, ætli hann sé ekki svoltið líkur honum, það eru svoltið líkir karakterar.“

Þrátt fyrir umfangið er Laddi

spenntur fyrir frumsýningu sem er 20. nóvember. Platan er væntanleg fyrir júl en þá koma Grimms-ævintýrin einnig út hjá fyrirtæki Jóns Gunnars Þórðarsonar, leikstjóra Jólasögu.

- kbs



ÞÚSUND RADDAR SMÍÐUR Laddi kokkar upp fimmtíu nýjar raddir á jólaplötu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. jurttatrefjar, 6. samþykki, 8. beita, 9. þrá, 11. tvíhljóði, 12. sæti, 14. bragðbætur, 16. nafnorð, 17. húsfreyja, 18. umhyggja, 20. til, 21. borg í Portúgal.

LÖÐRÉTT: 1. útihús, 3. í röð, 4. doka, 5. vefnaðarvara, 7. frilla, 10. sönghópur, 13. meðal, 15. kappklæða, 16. bjargbrún, 19. númer.

LAUSN

LAUSN
LÖBDRÉTT: 1. í fjós, 3. að, 4. stældar, 5. frú, 18. önn, 20. að, 21. faró.
LÁRÉTT: 2. bast, 6. já, 8. áta, 9. ósk, 11. au, 12. stóll, 14. krydd, 16. no, 17. dauða, 19. nóf, 19. nr.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Þórður Þorgeirsson.
- 2 Anne Sibert.
- 3 35.



GULLSMÍÐJAN

Guðrún Þórnadóttir
Gullsmiður

LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRDI
565 4453

SIGNÝ BJÖRG: VANN AÐ STÓRMÝNDUM Í FYRIRTÆKI PETERS JACKSON

Sagði upp draumastarfi fyrir íslenskt sumar

„Það hvílir ákveðinn dýrðarljómi yfir þessu fyrirtæki og fólki fannst út í hött að ég ætlaði að segja upp vinnunni og flytja aftur heim,“ segir Signý Björg Guðlaugsdóttir, stafrænn fjölmiðlahönnuður, en hún útskrifaðist með hæstu einkunn frá Victoria University of Wellington á Nýja-Sjálandi. Þar lærði Signý stafræna fjölmiðlahönnun og segir hún námið hafa verið mjög skemmtilegt og fjölbreytt.

Eftir útskrift sótti Signý Björg um vinnu hjá Weta Digital, fyrirtæki sem er í eigu leikstjórans Peters Jackson og hefur unnið að framleiðslu kvikmynda á borð við King Kong, Lord Of The Rings og X-Men. „Ég sótti um í lok nóvember á síðasta ári og fékk svo að vita í janúar að ég hefði fengið vinnuna. Ég vann aðallega við upplýsingasöfnun fyrir leikstjórana en tók einnig að mér verkefni í grafískri hönnun og í móttökunni,“ segir Signý en hún vann meðal annars fyrir Peter Jackson við gerð myndarinnar Svo fögur bein, James Cameron við gerð myndarinnar Avatar og fyrir Stephen Spielberg við gerð myndarinnar um Tinna. Aðspurð segir Signý starfið hafa verið mjög skemmtilegt en krefjandi.

„Þetta var mjög skemmtilegt starf en vinnudagarnir voru mjög langir. Vinnustaðurinn var líka ólíkur öllu því sem ég hafði áður kynnst. Það eru um sjö hundruð og fimmtíu manns sem vinna hjá Weta Digital og öryggisgæsla var gífurleg og menn fengu ekki að flakka á milli deilda án eftirlits. Starfsmenn eru látnir skrifa undir samning um þagnareid til að koma í veg fyrir að upplýsingar um kvikmyndirnar leki út. En þeir gerðu líka mjög vel við starfsfólk sitt, á hverjum föstudegi voru til dæmis haldnar veislur fyrir starfsfólkið og menn fengu frí í hádeginu til að skella sér á ströndina.“

Þrátt fyrir að hafa fengið draumastarf margra ákvað Signý að flytja heim í vor og freista



ÚTSKRIFAÐIST MEÐ HÆSTU EINKUNN Námið segir Signý Björg hafa verið fjölbreytt og skemmtilegt.

gæfunnar hér heima. „Ég hef svo lítið verið heima síðustu fjögur árin og mig langaði að koma heim og upplifa íslenskt sumar. Á meðan ég var úti fæddust til dæmis fimm börn inn í fjölskylduna sem mig langaði að sjá og kynna.“

Ég er búin að fá vinnu hjá kvikmyndafyrirtækinu True North og hlakka mikið til að hefja störf þar í haust,“ segir Signý. Áhugasamir geta skoðað verk Signýjar á slóðinni www.signydesign.com.

sara@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Um verslunarmannahelgina voru fjölmiðlar undirlagðir af fréttum af vopnuðu ráni sem framið var í verslun 11-11 í Skipholti. Ræningjarnir ógnuðu starfsmönnum með stórum hnífum og komust undan með einhver verðmæti. Mennirnir náðust svo daginn

eftir. Fréttablaðið hefur fyrir satt að einn umræddra ræningja var tónlistarmaðurinn Ívar Örn Kolbeinsson, sem þekktastur er fyrir veru sína í hinni umdeildu hljómsveit Dr. Mister & Mr. Handsome. Ívar hefur undanfarið verið að koma sér aftur í gang í tónlistinni með nýrri hljómsveit, Krooks. Sveitin hefur vakið mikla athygli en búast má við að þessi atburður setji einhver strík í framtíðarplön bandsins.

Þorsteinn J. Vilhjálmsson

er að verða einhver þekktasti stangveiðimaður landsins og sýndi ótvírætt fram á hæfileika sína á því sviði um síðustu helgi. Hann var þá í stórum hópi veiðimanna á sílungsvæðinu í Vatnsdal og var sá eini sem setti í góðan lax þar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir annarra í þá áttina.



Leikhússpírurnar Símon Birgisson

og Þorleifur Arnarsson, sem báðir eru búsettir í Þýskalandi, hafa nú tekið höndum saman og eru að undirbúa leiksýningu meðal Þjóðverja, nánar tiltekið í Karlsruhe. Símon er, eins og fram hefur komið í blaðinu, að undirbúa verk sem flutt verður í Útvarpsleikhúsi Víðars Eggertssonar við Efstaleitið sem heitir „Guð blessi Ísland“ auk þess sem hann mun leikstýra öðru verki þar síðar í vetur og er hann nú kominn með sérstakan passa í útvarpsútskið með þeim virðulega titli: Leikstjóri.

- hdm, jbg



Wacken stærra en Grand Rokk

„Þetta var stórskemmtilegt. Það var bæði góð reynsla og upplifun að taka þátt í þessu,“ segir Gísli Sigmundsson, söngvari dauðarokksveitarinnar Beneath sem spilaði á Wacken-tónlistarhátíðinni í dögnum fyrst íslenskra sveita.

Beneath vann hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle á Íslandi í apríl og öðlaðist þá rétt til að spila í lokakeppninni sem var haldin meðfram öðrum tónlistaratriðum á Wacken. Tóku 22 hljómsveitir frá jafnmörgum löndum þátt og fór spænsk þungarokksveit með sigur af hölm. „Þetta var gjörólíkt því sem maður þekkir heima. Þetta batterí er svo svakalega

„professional“. Þýsk skipulagning klikkar ekki,“ segir Gísli um hátíðina. „Það var líka öðruvísi að spila við þessar aðstæður. Þetta var töluvert stærra svið en maður er vanur hérna heima, aðeins stærra en Grand Rokk,“ segir hann og kímur.

Engin tilboð um plötusamning bærast þeim félögum á hátíðinni en Gísli segir það ekki koma að sök. „Við spjölluðum við slatta af blaðamönnum og dreifðum kynningar-efni. Það er vonandi að það komi eitthvað út úr því. Við höldum bara okkar striki hérna heima og stefnum á upptökur í haust.“

- fb



BENEATH Rokkarnir í Beneath skemmtu sér vel á Wacken-hátíðinni í Þýskalandi.

ÚTSALA

Frábær verð

FULLT AF MONGOOSE
ALVÖRU FJALLAHJÓLUM

ÓTRÚLEG VERÐ

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR



ALVÖRU FJALLAHJÓL
VARIST
EFTIRLÍKINGAR

mongoose®



Bestu tilboðin klárast fyrst!

GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 11-16

**ALVÖRU
HJÓLA ÚTSALA**

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir


Glóðarsteiking borgarans

Ígær grillaði maðurinn minn á svölunum. Hann er annálaður grillari enda hófsamur lífskúntner fram í fingurgóma. Slíkir menn hafa undantekningarlaust ánægju af því að grilla á svölum; fá sér einn til tvo bjóra og heilsa gangandi vegfarendum kumpánlega. Hann er meistari hinnar göfugu matargerðarlistar smáborgarans, eins og bókabéusinn vinur minn kallar grillmennsku með fyrirlitningartón.

ÉG SKELLI þó skollaeyrum við þusi þess bókvitra og horfi alltaf andaktug á eiginmanninn við ameríska gasgrillið okkar. Slík glóðarsteiking þykir mér ein mergjaðasta tákmynd íslenskrar hamingju. Af því einu að finna ilm af steik stikna á teinum stendur mér samstundis fyrir hugskotssjónum blómum skreytt verönd, þar sem börn bregða á leik, sæt kona ber fram litríkt salat og við grillið stendur sterklegur fjölskylduafarir klæddur svuntu með sniðugri áletrun; gjöf til hans frá vinunum úr golfinu eða old boys-boltanum.

ÞAÐ er þráin eftir glötuðum tíma sem vekur upp þessi hughrif hjá mér um þessar mundir. Sú var tíðin að fólk hafði almennt ekki á tilfinningunni að stoðir velferðarkerfisins gætu hrunið þá og þegar, flug rússneskra herflugvéla væri ógn við land og þjóð, heimsfaraldur kenndum við svín ætti eftir að dynja yfir og Íslendingar hættu að vera til nema þeir gengjust við himinháum skuldum einhverra karlfauska. Ég man þá tíð þegar Ísland var best í heimi og Íslendingum allir vegir færir. Ég man eftir að hafa fundið sterklega fyrir þessari tilfinningu sem barn við kolagrill á Skaganum þar sem ég horfði á Jón Pál á sviði. Grillið og hamingjan voru bundin órjúfanlegum böndum frá fyrstu tíð í huga mér.

ÉG ÁTTI mér því einskis ills von þarna á svölunum í gær og ákvað á smella kossi á þann heitelskaða, svona til að reyna blanda gleðilegum minningum við það sem varir. Í augnablik hvarflaði maðurinn minn augum sínum af steikinni og það var eins og við manninn mælt. Illskulegur mávur sem hmitað hafði hringa yfir okkur steipti sér niður og stal einni steikinni. Fleiri illfygli gerðu tilraun til þess sama en maðurinn minn hratt þeim á brott með því einu að veifa grilltönginni eins og riddara Garðabæjar einum sæmir. Kannski er það vegna þess hve mjög ég kann að meta grillmennsku að ég snöggreiddist og kallaði á eftir mávinum. „Veistu ekki að Gísli Marteinn býr í þessari götu!“ Ránfuglinum virtist standa gersamlega á sama.



GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 11. ágúst 2009, 223. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.07	13.33	21.57
Akureyri	4.39	13.18	21.54

Heimild: Almanak Háskólans



Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

Hlauptu fyrir gott málefni 22. ágúst!



islandsbanki.is/marathon
ÞÚ GETUR

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður haldið þann 22. ágúst næstkomandi. Líkt og undanfarin ár geta þátttakendur safnað áheitum fyrir góð málefni. Á Íslandi er fjöldi góðgerða- og líknarfélaga sem þurfa á þínum stuðningi að halda.

Svona safnar þú áheitum:

1. Þú skráir þig í hlaupið, velur vegalengd við hæfi og hvaða málefni þú vilt styrkja.
2. Þú færð vini og vandamenn til að heita á þig.
3. Þú hleypur þann 22. ágúst og upphæðin sem þú safnar rennur sjálfkrafa til þíns góðgerðafélags.

Kynntu þér málið á islandsbanki.is/marathon

Íslandsbanki hefur verið stoltur bakhjarl Reykjavíkumaraþonsins síðan 1997.